



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Þjóðfræði

**Jón, Gunna og listaspírurnar
Almenningur og elíta á listahátíðinni
Akureyrarvöku**

Ragna Gestsdóttir

Janúar 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Þjóðfræði

**Jón, Gunna og listaspírurnar
Almenningur og elíta á listahátíðinni
Akureyrarvöku**

Ragna Gestsdóttir

Janúar 2010

Leiðbeinandi: Valdimar Tryggvi Hafstein

Nemandi: Ragna Gestsdóttir

Kennitala: 291086-3069

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um Akureyrarvöku sem er lokahátíð Listasumars á Akureyri og er haldin þá helgi er næst kemst afmælisdegi bæjarins 29. ágúst. Fjallað er um Akureyrarvökuna út frá tengslum þekkingar og valds og hvernig almenningur tekur þátt í hátíðinni. Stuðst er við rannsóknir á smekk fólks eftir menntun og stöðu og hvernig mismunandi þjóðfélagshópar upplifa menningu. Fyrst er fjallað um þær kenningar og hugtök sem ritgerðin byggir á og dregnar eru þær línur sem stuðst er við í umfjölluninni um Akureyrarvöku. Umfjöllunin er tvíþætt og byggir annars vegar á hlið yfirvalda og skipuleggjenda hátíðarinnar og hinsvegar á hlið almennings. Upplifun einstaklinga frá ólíkum sviðum samfélagsins er svo skoðuð í sambandi við hátíðina og þær hugmyndir sem fólk hefur um Akureyrarvöku. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvað það er sem veldur því að almenningur tekur almennt meiri þátt í lista- og menningarviðburðinum Akureyrarvöku heldur en öðrum viðburðum í sama dúr á Akureyri á öðrum tímum.

Efnisyfirlit:

| | |
|--|-----------|
| 1. INNGANGUR | 3 |
| RANNSÓKNIN | 5 |
| VIÐMÆLENDUR..... | 7 |
| AKUREYRARVAKA – UPPHAF OG PRÓUN | 11 |
| ÁHERSLUR VIÐMÆLENDNA | 13 |
| 2. KENNINGAR OG HUGTÖK | 15 |
| HUGTÖK..... | 18 |
| 3. ELÍTAN – FÓLKID RÆÐUR SÉR... EN SAMT. | 26 |
| JÓN OG GUNNA | 28 |
| AÐGENGI OG AÐSÓKN | 33 |
| 4. ALMENNINGUR – MAÐUR ER MANNS GAMAN | 41 |
| BÆRINN OKKAR – AKUREYRARVAKA SEM SAMEININGARTÁKN | 44 |
| SKÖMMINNI SKÁRRI EN VERSLÓ | 48 |
| 5. LOKAORÐ | 54 |
| HEIMILDIR | 59 |

1. Inngangur

Í þessari ritgerð er fjallað um Akureyrarvöku, hátíð sem haldin er á Akureyri í lok Listasumars ár hvert og einkennist af viðburðum tengdum lista- og menningarlífi. Þetta er hátíð hinna fínu lista, og almenningur er hvattur til að koma og vera með. Hátíðin verður skoðuð út frá ýmsum kenningum og rannsóknum um tengsl þekkingar og valds auk kenninga um menningarlegt forræði yfirvaldsins sem mótar menningu á ákveðinn hátt fyrir hinn almenna borgara. Markmiðið er að rannsaka Akureyrarvökuna og nota þessar kenningar til að varpa ljósi á hátíðina og setja hana í samhengi við það sem rannsakað hefur verið á þessu sviði en skoða jafnframt hvað Akureyringum finnst um hátíðina. Byggt er á viðtölum við Akureyringa og fólk sem hefur komið að hátíðinni á einhvern hátt og skoðað er hvort almenningur hefur sömu hugmyndir um hátíðina eins og yfirvöld. Yfirvöld og elítan hafa ákveðin markmið með þeim viðburðum sem þau standa fyrir en almenningur hefur sínar eigin forsendur til að njóta þess sem boðið er upp á. Upplifun fólks er þannig ólík eftir því hvernig það stendur gagnvart hátíðinni og mun það verða tekið til skoðunar þegar svara er leitað við því hvað það er sem fær fólk til að taka þátt í Akureyrarvöku.

Ég er Akureyringur sjálf, fædd þar og uppalin. Þann tíma sem ég hef búið á Akureyri hef ég alltaf búið á því svæði sem kallast Þorpið, á svæðinu fyrir ofan Glerá og ég man varla eftir að hafa farið niður í bæ fyrr en á unglingsárunum. Í Þorpinu einkenndist afþreying mín og þeirra sem ég umgekkst af því að æfa fótbolta og fara í bíó á sunnudögum, í grófum dráttum. Þegar veður leyfði var svo farið á skíði í Hlíðarfjalli, enda ekki langt að sækja í fjallið úr Þorpinu. Þannig er það í minningunni, en á unglingsárunum breyttist margt þegar það rann upp fyrir mér að á Akureyri væri önnur afþreying í boði en sú sem lá beinast við í Þorpinu. Ég fór í Menntaskólann á Akureyri og eyddi umtalsverðum tíma á miðbæjarsvæðinu. Þar kynntist ég nýju fólki og varð ljóst að á Akureyri mátti finna mun fjölbreyttara samfélag en ég hafði gert mér grein fyrir fram að því. Þarna kynntist ég þeirri hlið bæjarlífsins sem sneri að menningu og listum og áttaði mig á því að það var fjöldi fólks sem lifði og hrærðist í þessum heimi sem var í raun nýr fyrir mér. Í mínu gamla bæjarfélagi kynntist ég því nýju samfélagi sem vakti áhuga minn og gerir enn.

Í gegnum tíðina hef ég heyrt ýmsu fleygt fram um fólkið sem sækir hvað mest í það félagslíf sem stundað er í Gilinu. Það er talað um Karólínulið, listaelituna, Gilmafiuna og Gilpakkið. Þegar ég fór að taka þátt í lífinu í Gilinu gerði ég mér ekki grein fyrir þeim stimpli sem maður átti á hættu að fá á sig. Ættingjar mínir gerðu grín að mér fyrir að vera lopapeysu *artí-fartí* týpa sem hékk á Kaffi Karólínu, en undir það gat ég alls ekki tekið og reyndi að sýna fram á að þetta væru tómir fordómar. Eftir nokkur ár í Gilinu fór ég þó að skilja hvað þau meintu. Ég hef alltaf tekið öllum alhæfingum um lífstíl fólks sem léttu gríni, hvort sem það kom frá fjölskyldu minni um lífið í Gilinu eða frá fólkinu í Gilinu um þá sem sóttust eftir annarri afþreyingu. Sú afþreying sem okkur í Gilinu fannst síður eftirsóknarverð var til dæmis að rúnta eða skemmta sér í Sjallanum, en það þótti ekki smart á þeim tíma þegar ég sat með öðrum menntskælingum á Kaffi Karólínu. Þegar frá leið og ég fjarlægðist lífið í Gilinu fóru þessar staðalímyndir að vekja áhuga minn. Nú get ég farið í Sjallann eða á rúntinn með góðri samvisku jafnhliða því að fara á Kaffi Karólínu eða kíkja á Listasafnið, en áður fyrir hefði það ekki verið inni í myndinni. Ég held samt áfram að heyra sakleysislegar alhæfingar um bæði fólkið í Gilinu og aðra hópa á Akureyri.

Sjálf hef ég komið nálægt Akureyrarvökunni og menningu á Akureyri með því að starfa við Listasumarið á Akureyri, sem er lista- og menningarhátíð sem stendur yfir allt sumarið, frá Jónsmessu og fram að Akureyrarvöku. Ég starfaði þar sumrin 2005, 2006 og 2009. Á þessum tíma breyttist hátíðin mikið. Fékk ég í gegnum leik og starf að fylgjast með þeirri þróun í gegnum árin og eins hvernig öll umgjörðin er í kringum viðburðinn. Akureyri er ekki stórt bæjarfélag en þegar kemur að lista- og menningarmálum virðist það enn minna. Mikið er um að sama fólkið komi að þeim hlutum sem falla undir menningarmál á Akureyri og hef ég kynnst því sjálf í mínum störfum við Listasumarið, sem og í gegnum þátttöku í leikhópum og félagsskap sem hefur lagt sitt af mörkum í ýmsu grasrótastarfi. Svo virðist því sem sama fólkið skipuleggi hlutina og sama fólkið mæti á viðburðina. En á Akureyrarvöku kemur hinsvegar mikill fjöldi bæjarbúa í miðbæinn. Þessi dagur er jafnvel eini dagur ársins sem fólk kemur við í Grófargilinu¹ þar sem Menningarmiðstöðin er til húsa, Listasafn Akureyrar og mörg gallerí bæjarins sem og önnur fjölbreytt starfsemi.

¹ Sem bæjarbúar nefna einnig Listagilið, eða einfaldlega Gilið. Hér eftir mun ég notast við algengustu styttinguna, Gilið, í ritgerðinni.

Það var þó ekki fyrr en ég sat námskeið í þjóðfræði í Háskóla Íslands sem heitir *Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi* sem áhuginn á þessu fyrirbæri vaknaði fyrir alvöru. Það var stutt kynning á fyrirbærinu *intelligentsíu* sem vakti mig til umhugsunar um eðli Akureyrarvökunnar. Glæran sem hrinti öllu af stað vitnaði í rússneska fræðimanninn Mikhail Bakhtin sem sagði að í öllum samfélögum væri hópur fólks sem liti á það sem hlutverk sitt að túlka heiminn ofan í aðra meðlimi samfélagsins.² Á eftir fylgdi svo túlkunin:

Hinir „gáfuðu“ sem af einhverjum ástæðum leyfist að segja okkur hinum hvað sé „menningarlegt“ – hvað okkur eigi að finnast og hvernig við eigum að vera. D. Gagnrýnendur – listahátíðarstjórnendur – stjórnendur leikhúsanna [...].³

Eftir reynslu mína af menningarlífinu á Akureyri fannst mér þetta afskaplega áhugavert efni. Nú er það fólk af mismunandi sauðahúsi sem mætir á alla list- og menningarviðburði á Akureyri, og einnig er það fólk af afskaplega fjölbreyttum sviðum samfélagsins sem kys að mæta ekki. Hverjir eiga heima á svona viðburðum? Öll getum við sjálfsagt haft einhverjar hugmyndir um það, en samt sem áður blasir ákveðinn raunveruleiki við.

Rannsóknin

Rannsóknin fór þannig fram að ég kynnti mér Akureyrarvökuna sem starfsmaður Listasumars 2009. Þar komst ég í samband við skipuleggjendur, listamenn og almenna gesti. Upphaflega lagði ég af stað með grillur um að fólk sem ég myndi tala við um Akureyrarvöku myndi hiklaust nota alla þá stimpla sem ég hafði kynnst í gegnum tíðina og að ég fengi að heyra um listapakki og smáborgara. Ég reiknaði með því að ákveðnar hugmyndir væru uppi um þátttakendur og skipuleggjendur hátíðarinnar sem mótuðu lista- og menningarlífið á Akureyri en ég hafði ekki fastmótaða hugmynd um af hverju fólk kæmi á Akureyrarvöku. Þessar hugmyndir mínar um skýrar línur milli hópa og skoðanir fólks á samfélaginu í kringum sig stóðust ekki nema að litlu leyti og rannsóknin tók aðra stefnu en ég reiknaði með í upphafi.

² Bakhtin, *Rabelais and his world*: xiii.

³ *Intelligentsía*. Kristín Einarsdóttir, glæra úr námskeiðinu *Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi*, Háskóla Íslands, 8. september 2008.

Rannsóknir sem ég hef skoðað og móta hugmyndir mínar varpa ljósi á tengsl smekks, menntunar og stöðu og þeirrar afþreyingu sem fólk kys. Munurinn er sá að þær rannsóknir sem gerðar hafa verið byggja á samfélagsgerð þar sem stéttaskipting er skýrari og meiri en á Íslandi og fólk er sett í mun þrengri hólf en gengur og gerist hér á landi. Ég geri grein fyrir þessum rannsóknum í kafla þar sem ég tek saman þær kenningar og hugtök sem ég styðst við.

Með þessar rannsóknir í huga hófst svo vinnan í byrjun september og voru um tuttugu manns á blaði yfir hugsanlega viðmælendur, auk þess sem hugmyndin var að senda út spurningarlista um nokkra þætti Akureyrarvökunnar. Eftir að fyrstu viðtölin voru tekin virtist þó ekki vera þörf fyrir spurningarlistana því viðmælendur komu sjálfir með heildstæða sýn á Akureyrarvökuna frá eigin brjósti. Margt persónulegt kom þar fram sem ég taldi að væri mun áhugaverðara að skoða heldur en svör sem staðlaðar spurningar gætu boðið upp á. Því var lagt upp með fleiri viðtöl sem gáfu mér dýpri sýn á hugmyndir fólks um Akureyrarvökuna. Ég fékk tíu manns til þess að tala við mig um Akureyrarvökuna, fimm konur og fimm karla. Átta viðtöl voru tekin á tveggja vikna tímabili í september og október 2009, í Reykjavík og á Akureyri, en tvö símaviðtöl fóru fram í desember. Viðtölin eru á bilinu tuttugu og upp í sjötíu mínútur, tekin í heimahúsum, á vinnustöðum eða á kaffihúsum, auk símaviðtalanna.

Í viðtölunum er gengið út frá nokkrum grunnspurningum sem ætlaðar voru til þess að koma viðmælendunum af stað og sjá svo hvað þeir hefðu fram að færa. Flestir höfðu einhverja mótaða skoðun á hátíðinni og áttu auðvelt með að gera grein fyrir sinni sýn og sínum hugmyndum. Helstu spurningarnar voru þessar:

- Hvað þýðir Akureyrarvaka fyrir þig? Eða hefur Akureyrarvaka einhverja þýðingu fyrir þig?
- Hvers eðlis finnst þér Akureyrarvaka vera?
- Hvað finnst þér um menningarlíf á Akureyri almennt? Er Akureyrarvaka eitthvað frábrugðin þeim hugmyndum?
- Hvernig finnst þér Akureyrarvaka ná til bæjarbúa? Er hún að höfða til allra?

Spurningarnar komu fólki á skrið og svo þróuðust þær eftir þeirri stefnu sem viðmælendurnir tóku. Réðust þá aðrar spurningar eftir viðhorfum þeirra til hátíðarinnar eða fóru eftir því hvað fólki fannst áhugaverðast að tala um í sambandi við Akureyrarvöku. Áherslur viðmælenda voru misjafnar og upplifun þeirra ólík. Aðkoma þeirra að umræðuefninu var líka mismunandi. Þeir sem höfðu tekið þátt í hátíðinni á einhvern hátt höfðu annað og ólíkt sjónarhorn heldur en þeir sem höfðu einungis mætt sem gestir.

Auk viðtalanna og kenninga sem ég styðst við hef ég nýtt mér ýmsar aðrar upplýsingar sem tiltækar voru. Ég skoða umfjöllun um hátíðina í dagblaðinu *Vikudegi* sem gefið er út á Akureyri og fæ upplýsingar þaðan. Ég nýti mér auglýsingar sem kynnt hafa dagskrá Akureyrarvöku í gegnum árin og veggspjöld sem sýna hvaða viðburðir voru í boði ár hvert en þessar upplýsingar varð ég mér úti um í Menningarmiðstöðinni á Akureyri í Ketilhúsinu. Þar fékk ég einnig skýrslur frá árunum 2007 og 2008 sem sýndu aðsóknartölur á hvern viðburð fyrir sig. Upplýsingar af veraldarvefnum nýttust mér einnig við að varpa ljósi á nokkur atriði umfjöllunar minnar sem og viðtal sem ég tók árið 2008 við Valdísi Viðarsdóttur, verkefnastjóra Menningarmiðstöðvarinnar í sambandi við verkefni sem ég vann við Háskóla Íslands.

Viðmælendur

Þegar leit hófst að viðmælendum var markmið mitt að fá sem fjölbreyttastan hóp sem ætti það sameiginlegt að þekkja eitthvað til Akureyrarvökunnar og geta sagt mér frá sinni upplifun eða hugmyndum um hátíðina. Þegar hátíðin Akureyrarvaka er skoðuð á þennan hátt er freistandi að hafa sem flest sjónarhorn til að fá eins víða mynd og hægt er. Því urðu fyrir valinu bæði Akureyringar og aðflutt fólk, fólk af báðum kynjum og á aldursbilinu 20 til 60 ára. Flesta viðmælendur þekki ég vel eða kannast við, og því var allt vinnuferlið

persónulegt og mismunandi eftir því hverjir áttu í hlut. Ég valdi þá ekki bara út frá stöðu þeirra, aldri og kyni, heldur reyndi ég líka að hafa fólk með mismunandi bakgrunn og ólík áhugamál. Ég vissi oftast en ekki í grófum dráttum að hverju ég gekk, þar sem val mitt fór svona fram, og var tilgangurinn sá að fá sem fjölbreyttastar skoðanir fram um Akureyrarvökuna.

Til að átta sig betur á þeim heimildum sem farið verður með hér á eftir ætla ég því að gera grein fyrir hverjum viðmælanda fyrir sig, hver uppruni hans og staða er og hvernig ég þekki til viðkomandi.

Viðtal 1. Anna Lóa Kjerúlf Svansdóttir er 23 ára nemi í viðskiptafræði í Háskólanum á Akureyri. Hún hefur verið búsett þar síðan hún hóf nám í Menntaskólanum á Akureyri árið 2002 en hún kemur frá Ólafsfirði. Anna hefur farið á Akureyrarvöku síðan hún var 15 ára og kom í bæinn án þess að vita að eitthvað væri um að vera. Þessi óvænti viðburður var henni að skapi en annars hefur hún mjög lítinn áhuga á málefnum sem þar er lögð áhersla á. Önnu kynntist ég árið 2006 þegar við unnum saman í Austurríki einn vetur. Við höfðum báðar verið í Menntaskólanum á Akureyri en kynntumst ekki fyrr en í Austurríki. Við eigum fáa sameiginlega vini og höfum afar ólík áhugamál en helstu áhugamál Önnu eru fótbolti og að fara á snjóbretti. Ég bjó með Önnu sumarið 2009 þegar ég vann við Listasumarið og Akureyrarvökuna. Ég kynntist því hennar hugmyndum vel á þeim tíma og fannst hún hafa áhugaverða sýn á lífið í Gilinu, en þangað kom hún sjaldan og hafði augljóslega engan áhuga á að kynna sér þá viðburði sem í gangi voru hverju sinni.

Viðtal 2. Anton Sigurður Sigríðarson er 22 ára nemi í viðskiptafræði og alþjóðamálum í Háskólanum í Reykjavík. Hann er frá Vogum á Vatnsleysuströnd, fluttist fram að Hrafnagili í Eyjafirði á grunnskólaárunum, fór þaðan í Menntaskólann á Akureyri og býr nú í Reykjavík. Helstu áhugamál hans hafa verið leiklist og ferðalög og hann hefur tekið þátt í lokaatriði Akureyrarvöku. Ég kynntist Antoni árið 2002 í gegnum starf Leikklúbbsins Sögu á Akureyri, en við sóttum þar bæði námskeið, og seinna meir urðum við bæði virkir félags- og stjórnarmenn í þeim leikhóp.

Viðtal 3. Ármann Óskar Jónsson er 53 ára sjómaður, búsettur á Akureyri og hefur verið þar nær alla sína tíð. Hann hefur ekki tekið mikinn þátt í menningarlífinu almennt þó hann sækir þá tónleika sem honum hugnast ef svo ber undir. Hann hefur farið á

Akureyrarvöku þegar hann er í landi sem hann minnir að sé síðustu tvö skiptin. Ármann hef ég þekkt alla ævi, en hann er giftur frænku minni. Ég hef ekki kynnst Ármanni mikið en þó meira núna seinni ár. Ármann hitti ég við mörg tækifæri þegar fjölskyldan kemur saman og hann er ekki á sjó.

Viðtal 4. Gunnar Már Gunnarsson er 25 ára nemi í þýðingarfræðum við Háskóla Íslands. Hann er fæddur og uppalinn á Akureyri en fluttist til Reykjavíkur eftir nám í Menntaskólanum á Akureyri og lærði mannfræði. Hann hefur tekið virkan þátt í menningarlífinu á Akureyri í gegnum grasrótastarfsemi *Populus Tremula*, sem er félagsskapur manna sem stendur fyrir tónleikum, myndlistarsýningum og bókmenntakvöldum í kjallara Listasafns Akureyrar. Gunnari kynntist ég í gegnum lífið í Gilinu. Hann var viðloðandi Leikklúbbinn Sögu stuttan tíma og hann vann á Kaffi Karólínu á þeim árum sem ég hélt mest til í Gilinu. *Populus Tremula* var einnig grundvöllur fyrir kunningsskap, en ég hef tekið þátt í starfseminni þar, þó á annan hátt en Gunnar. Kunningsskapnum höldum við í dag í gegnum ýmsa viðburði sem við sækjum bæði hér í Reykjavík.

Viðtal 5. Hulda Sif Hermannsdóttir er 34 ára verkefnastjóri menningar- og viðburðamála hjá Akureyrarstofu, sem sér um menningar-, ferða- og markaðs- og kynningarmál Akureyrarbæjar. Hulda er fædd og uppalin á Akureyri, hún nam þýsku í Háskóla Íslands og starfaði hjá RÚV um árabíl áður en hún hóf störf á Akureyrarstofu. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á menningarmálum og tengst þeim óbeint í gegnum störf sín. Huldu kynntist ég fyrst árið 2004 þegar ég var að reyna að koma einu leikriti Leikklúbbsins Sögu að í fjölmiðlum. Hulda vann þá á RÚV á Akureyri og ég fékk hana til að taka við mig viðtal um sýninguna sem leikhópurinn var að sýna. Seinna komst ég að því að við erum skyldar og ekki var þá minni ástæða til að rækta sambandið við Huldu. Eftir að hún fór að vinna á Akureyrarstofu urðu samskipti okkar enn meiri, þar sem ég hef starfað þrjú sumur í Gilinu, auk þess að taka þátt í annarri menningarstarfsemi. Við hittumst því oft á þeim viðburðum sem eru í gangi og oftast en ekki báðar í vinnunni þegar þannig stendur á.

Viðtal 6. Ingimar Björn Davíðsson er 23 ára nemi í Kvikmyndaskóla Íslands. Hann er fæddur og uppalinn á Akureyri, en hefur verið búsettur víða síðustu árin og er nú í Reykjavík. Hann hefur tekið mjög virkan þátt í menningarlífinu á Akureyri um árabíl og

starfað sem starfsmaður hátíðarinnar, bæði á vegum Listasumars og einkaaðila. Ingimar er kominn af miklu listafólki og hefur allt frá barnæsku tekið þátt í menningarlífi Akureyrar, leikið með Leikfélaginu og sungið með fjölskyldu sinni. Hann var meðlimur í Leikklúbbum Sögu áður en ég varð þar virk og hætti svo um það leyti sem ég kom þar inn. Ég kynntist honum þó þegar hann sneri aftur og þá sem tæknimaður klúbbsins, en ekki leikari eins og áður hafði verið. Hann hefur alltaf verið mikið viðloðandi menningarlíf bæjarins í gegnum tónlist og leiklist, auk þess sem hann hefur starfað á sjónvarpsstöðinni N4 á Akureyri.

Viðtal 7. Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir er 56 ára verkakona. Hún er fædd á Skarði í Dalsmynni en ólst upp á Grenivík. Hún fluttist til Akureyrar á fullorðinsárum og hefur búið þar alla tíð síðan. Hún er húsmæðraskólamenntuð en hefur unnið almenna verkakonuvinnu og við handavinnukennslu. Nú starfar hún sem dagmamma. Jóhanna hefur ekki sérstakan áhuga á Akureyrarvöku en hún hefur mætt á hátíðina. Jóhanna starfar mikið með Laufáshópnum í Eyjafirði og eitt árið var sá félagsskapur með á markaði sem haldinn var á Akureyrarvöku og hún tók þátt í. Jóhanna er frænka mín, elsta systir móður minnar, og hef ég alltaf þekkt hana nokkuð vel. Segja má að Jóhanna sé þekkt fyrir að hafa skoðanir á hlutunum og því fannst mér tilvalið að heyra hvað hún hefði um Akureyrarvöku að segja.

Viðtal 8. Jóna Hlíf Halldórsdóttir er 31 árs myndlistarkona, fædd og uppalin í sveit undir Eyjafjöllum. Hún fluttist til Akureyrar 2002, lærði í Myndlistarskólanum á Akureyri og útskrifaðist síðan frá the Classic School of Art í Edinborg. Hún starfaði og rak Gallery Box í Gilinu í mörg ár ásamt fleiri listamönnum og hefur einnig séð um útigalleríð Veggverk. Hún býr nú í Reykjavík. Jónu kynntist ég árið 2007 þegar við unnum saman á veitingastaðnum Halastjörnunni í Öxnadal. Þar höfum við unnið saman tvö sumur en hún starfaði þar sem kokkur en ég sem þjónn. Veitingastaðurinn er lítill og þar vinna fjórir starfsmenn sem skiptast á vikum. Við vorum því yfirleitt einungis tvær saman og kynntumst vel. Þó kynni okkar hafi ekki hafist fyrr en í þessu starfi þá höfðum við lengi vitað af hvor annarri í gegnum störf okkar í Gilinu og því áttum við margt sameiginlegt fyrir utan Halastjörnuna.

Viðtal 9. Linda María Ásgeirsdóttir er 43 ára starfsmaður í Menningarmiðstöðinni í Listagilinu, auk þess að læra ferðamálafræði við Háskólann á Hólum. Hún er Hríseyingur

og er nú búsett þar en hefur þó búið víða um land á ævinni. Lindu þekki ég ekki mikið, en ég kynntist henni fyrst þegar ég hóf störf við Listasumarið nú sumarið 2009. Fáir starfsmenn starfa í Menningarmiðstöðinni, þetta sumar vorum við fjögur og unnum mikið á aðskildum stöðum. Linda var hvað mest á skrifstofunni í Ketilhúsinu. Ég vann einnig í því húsi en jafnframt í Deiglu og í Davíðshúsi og við ýmsar útréttingar úti í bæ. Við Linda kynntumst því helst í stuttum kaffitímum, en þá kynntumst við líka ágætlega. Linda er frekar ný í Gilinu, og hefur oft aðra sýn á hlutina en þeir sem þar hafa verið í fjölda ára. Því var áhugavert að fá hennar sjónarhorn í rannsókninni.

Viðtal 10. Logi Einarsson er 45 ára arkitekt, fæddur og uppalinn á Akureyri og hefur búið þar mest alla ævi, fyrir utan námsár í Noregi og í Reykjavík. Hann hefur almennt mikinn áhuga á bæjarmálum og hefur tekið þátt í stjórnmalastarfi í bænum. Loga þekkti ég ekki fyrir nema af afspurn en hann er tíður gestur á vinnustað móður minnar. Móðir mín vinnur í fjölskyldufyrirtæki á Akureyri þar sem starfsmennirnir eru afar uppteknir af bæjarmálum. Logi kemur mikið þangað og ræðir málin og því hef ég heyrt margar sögur af honum. Móðir mín benti mér á að tala við Loga í sambandi við rannsóknina, á þeim forsendum að það væri svo gaman að tala við hann og hann hefði eflaust skoðun á hátíðinni. Logi tengist ekki menningarlífi bæjarins á sama hátt og sumir viðmælendur mínir. Honum er umhugað um bæjarmálin en hann lætur sig frekar varða skipulagsmál bæjarins og því var sýn hans ekki mótuð af beinni þátttöku heldur einungis sýn hins almenna bæjarbúa sem lætur sig samfélag sitt varða.

Akureyrarvaka – upphaf og þróun

Akureyrarvaka fór að þróast upp úr aldamótunum 2000 þegar akureyskir athafnamenn fundu sig knúna til að skapa meira líf í miðbænum. Upphaflega var ekki eins föst mynd á hátíðinni og í dag, enda frekar um viðburð að ræða heldur en eiginlega hátíð. Hugmyndin á bakvið viðburðinn var þá fyrst og fremst að fá fólk í bæinn og snerist dagurinn að mestu leyti um að búðir voru opnar fram á kvöld, enda fyrst og fremst kaupmenn sem voru að reyna að færa líf í bæinn og kynda undir verslun. Það var svo árið 2002 að Akureyrarbær varð 140 ára og því átti að fagna almennilega. Akureyrarbær á afmæli 29. ágúst og voru lok Listasumars á Akureyri einnig á þeim degi það árið, svo hátíðin var þá í fyrsta skipti haldin með mikilli viðhöfn. Hefur Akureyrarvaka síðan verið haldin á þeim laugardegi

sem næst liggur afmælisdeginum. Þetta fyrsta ár var viðburðurinn auglýstur sem „Menningarnótt á Akureyri og uppskeruhátíð Listasumars.“⁴ Það var svo árið eftir að viðburðurinn fékk nafnið Akureyrarvaka. Nafngiftin kom frá þeim sem störfuðu hvað mest í Gilinu á þeim tíma, meðlimum Gilfélagsins og starfsmönnum Menningarmiðstöðvarinnar. Ljóst þótti að eitthvað yrði bæjarhátíð á Akureyri að hafa frumlegra en sömu nafngift og sambærileg hátíð í Reykjavík, og hafa eitthvað meira fram að færa fyrir gesti viðburðarins heldur en bara lengdan opnunartíma verslana.⁵ Virðist það hafa verið rétt ákvörðun hjá aðstandendum hátíðarinnar. Anna Lóa, sem kemur frá Ólafsfirði, segir til að mynda að þar gangi hátíðin alltaf undir nafninu Menningarnótt, ekki Akureyrarvaka, því fyrir Ólafsfirðingum sé þetta ekkert annað en menningarnótt. Nú hefur Anna búið á Akureyri í 7 ár og leggur nú áherslu á að þessi ákveðna nafngift geri hátíðina að hátíðinni okkar, eins og hún segir, „okkar Akureyringa.“⁶

Frá því að Akureyrarvaka fór að taka á sig þá mynd sem hún hefur í dag þá hafa bæjaryfirvöld staðið að hátíðinni og séð um alla framkvæmd hennar og skipulag. Undanfarin þrjú ár hefur hátíðin stækkað mikið og ræður nú Akureyrarbær sérstakan framkvæmdarstjóra Akureyrarvöku sem hefur umsjón með hátíðinni í samstarfi við Menningarmiðstöð bæjarins í Gilinu. Bæjaryfirvöld hafa einnig séð um að fá fyrirtæki í bænum og verslunareigendur til að taka þátt í hátíðinni. Hafa viðburðir á þeirra vegum verið jafn vel þegnir og fjárframlög til hátíðarinnar.⁷ Í gegnum árin hafa fyrirtæki tekið þátt á ýmsan máta. Til að mynda hafa bankarnir í bænum oftast ekki tekið þátt og boðið upp á skemmtun af einhverju tagi, tónlist eða hoppikastala. Verslanir og veitingastaðir hafa gert slíkt hið sama og grillað eða gefið gestum heitt súkkulaði ásamt tónlistarflutningi eða upplestri. Hefur þetta skapað mikla stemmningu í bænum og dregið fjölda bæjarbúa í miðbæinn. Skemmtunin hefur þannig einkennst af því að alltaf er eitthvað í boði fyrir alla. Lista- og menningarþáttur hátíðarinnar hefur alltaf verið sterkur, en sú dagskrá fer að mestu fram í Gilinu. Getur fólk þá gengið að því vísu hvað það er að

⁴ Menningarnótt á Akureyri: Afmæli Akureyrarbæjar – Uppskeruhátíð Listasumars.

⁵ Valdís Viðarsdóttir. Munnleg heimild. 2. október 2008.

⁶ Viðtal 1: 5 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

⁷ Viðtal 5: 22-26 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

sækja þangað en oftast en ekki er einnig boðið upp á eitthvað lifandi og skemmtilegt á því svæði líka.⁸

Þegar umfjöllun um hátíðina er skoðuð í dagblaði bæjarins, *Vikudegi*, má sjá að fyrstu árin er mikið gert til að ná fjölskyldunni í bæinn með því að auglýsa allt sem er í boði fyrir fjölskylduna, en þegar á líður breytist umfjöllunin og einkennist meira af því að segja bara að Akureyrarvaka sé að koma, og svo að hún hafi heppnast vel.⁹ Ekki er farið nánar í það sem í boði er, enda hefur dagskráin orðið viðameiri með hverju árinu og smærri og fleiri viðburðir bætast við jafnt og þétt. Dagskrárnar sýna jafnframt miklar sveiflur á eðli þeirra viðburða sem í boði hafa verið. Þessar sveiflur má sjá ef miðað er við þær flokkanir á há- og lágmenningu sem fram koma í rannsóknunum sem ég styðst við og ég mun útskýra í sérstökum kafla hér á eftir. Út frá því má segja að árið 2005 hafi verið nokkuð meira en helmingur viðburða sem einkenndust af þeirri hámenningu sem lista- og menningarhátíð eins og Akureyrarvaka leitast við að leggja áherslu á,¹⁰ en árið 2007 var ekki nema rétt rúmur þriðjungur af auglýstri dagskrá sem gat fallið í þann flokk.¹¹ Bæði árin tóku þó afar margir þátt í hátíðinni, bæði listamenn og fyrirtæki, og virtust gestir hátíðarinnar vera ánægðir í bæði skiptin eftir því sem greina má af viðmælendum og opinberri umfjöllun.

Áherslur viðmælenda

Sjónarhorn viðmælenda er afar misjafnt, og sjálfsagt hafa aldur, kyn og áhugamál nokkuð um það að segja. Eftir að hafa rætt við þessa tíu einstaklinga þá kom margt áhugavert og óvænt í ljós um hugmyndir og viðhorf þeirra til Akureyrarvöku. Allir deildu þeirri hugmynd að tilgangur Akureyrarvöku væri að sameina bæjarbúa og gera eitthvað saman. Félagslegi þátturinn var því mikill drifkraftur, mun frekar en áhugi á menningu og listum. Fyrir viðmælendum þá var Akureyrarvaka tækifæri til að hitta fólk, en einnig tækifæri til breyta út af venjunni og kynna sér hluti sem það annars gaf ekki gaum eða lét sig varða. Þannig er þessi dagur tækifæri til samskipta og nýrrar upplifunar.

⁸ *Vikudagur* (29. Ágúst 2002, 33 tbl, 6. árg). Afmæli Akureyrarbæjar og Menningarnótt: forsíða; *Vikudagur* (28. Ágúst 2003, 32 tbl, 7 árg). Akureyrarvaka: forsíða.

⁹ *Vikudagur*. Öll blöð sem skráð eru í heimildaskrá.

¹⁰ *Dagskrá Akureyrarvöku 2005*. Útprint frá Menningarmiðstöðinni á Akureyri.

¹¹ *Dagskrá Akureyrarvöku 2007*. Útprint frá Menningarmiðstöðinni á Akureyri.

Hægt er að horfa á Akureyrarvökuna út frá tvenns konar sjónarhorni. Annars vegar er hægt að skoða hátíðina út frá hugmyndum og áherslum yfirvalda og stjórnenda í samfélaginu og svo út frá hugmyndum og áherslum annarra bæjarbúa. Þessir tveir hópar upplifa hátíðina með ólíkum hætti, eða gera sér misjafnar væntingar um hana og hafa ekki sömu hugmyndir um hlutverk hennar fyrir bæjarbúa. Ég mun því beina sjónum mínum að hinum samfélagslega þætti Akureyrarvöku, hvernig fólk lítur á hana sem sameiningartákn allra bæjarbúa, hvernig bæjarbúar hugsa um aðra bæjarbúa og um bæjarfélagið og ýmsar hugmyndir um hvernig Akureyrarvakan opni leið fyrir almenning inn í heim lista og menningar.

Rannsóknarspurning mín í þessari ritgerð byggist því á vangaveltum mínum um hvernig fólk taki þátt í menningu á Akureyri og af hverju fólk komi á Akureyrarvöku en ekki á alla hina viðburðina? Ég hef gert grein fyrir rannsókninni sjálfri, viðmælendum mínum og Akureyrarvöku. Í næstu köflum fjalla ég um hvernig fólk lítur á þessa hátíð, skipuleggjendur og þátttakendur og hvaða sýn fólk hefur á Akureyrarvöku. Fyrsti kafli ritgerðarinnar fjallar um rannsókn Tony Bennett sem mín umfjöllun um Akureyrarvöku er í samræðum við og um aðrar kenningar sem lúta að sama málefni. Ég kynni til sögunnar fræðimenn sem hafa fjallað um tengsl þekkingar og valds og hvernig þeir líta á samfélagið en einnig fjalla ég um þau hugtök sem ég nýti til að varpa skýrara ljósi á Akureyrarvökuna. Eftir að kenningum og hugtökum hafa verið gerð skil fjalla ég um Akureyrarvökuna og áherslur viðmælenda minna. Ég nálgast efnið frá tveimur hliðum og fyrst skoða ég hvernig yfirvaldið og skipuleggjendur hugsa sér Akureyrarvöku, hvernig hátíðin er hugsuð út frá þeirra sjónarhorni og hvað viðmælendur mínir hafa um það að segja. Næst skoða ég hvernig Akureyrarvakan virkar fyrir almenning og vinn úr þeim áherslum sem fram komu í viðtölum mínum um hvað Akureyrarvaka virkilega þýði fyrir gesti hátíðarinnar.

2. Kenningar og hugtök

Í bókinni *Accounting for Tastes* gerir menningarfræðingurinn Tony Bennett grein fyrir rannsókn sinni á smekk fólks eftir stétt sem byggir á könnun sem gerð var í Ástralíu á árunum 1994 og 1995. Könnunin notaðist við staðlaða spurningarlista þar sem fólk var beðið að svara fjölbreyttum spurningum um líf sitt, eignir og afþreyingu. Bennett kemst að þeirri niðurstöðu að smekkur fólks og atferli mótist eftir stétt, aldri, kyni og menntun. Byggir hann svo skilgreiningu sína á stéttum út frá stöðu fólks, atvinnu og menntun þess.¹²

Rannsókn Bennett á smekk fólks eftir menntun og stöðu er afar viðamikil og er til dæmis spurt um hvernig fólk kjósi að verja frítíma sínum og hvernig fatastíll þeirra sé, en einnig er spurt um menntun, hvaða stétt fólk telji sig tilheyra og hvaða stjórnmálaskoðanir það hafi.¹³ Niðurstöðurnar setur Bennett í samhengi við aldur, kyn, menntun og stöðu og út frá því talar hann um smekk hópa og gerir greinarmun á menningu þeirra. Þegar hann talar um hámenningu og alþýðumenningu, þá rannsakar hann vinsældir ákveðinnar afþreyingar meðal fólks eftir aldri, kyni og stöðu. Bennett kemst að því að aldurinn ráði mestu um smekk fólks fyrir því sem hann hefur flokkað sem hámenningu og alþýðumenningu. Það er þó ekki einungis niðurstaða hans um áhrif aldurs á smekk sem vekur áhuga minn, heldur hvernig hann flokkar hámenningu og alþýðumenningu. Hann býr til þessa tvo flokka eftir að hafa skoðað hvaða þættir menningar það eru sem rísa í vinsældum eftir því sem fólk eldist. Hann flokkar ákveðna afþreyingu í þessa tvo flokka og þeir eru sem hér segir:

- Hámenning er til dæmis: Sinfóníutónleikar, kammertónleikar, ballet, söngleikir, óperur, leikhúsferðir, sérsýningar, kvikmyndahátíðir og menningarhátíðir.
- Alþýðumenning er til dæmis: Rokktónleikar, kvikmyndir, skemmtigarðar, næturklúbbar og krár með lifandi tónlist.¹⁴

¹² Bennett, *Accounting for Tastes*: 1 og 18.

¹³ Bennett, *Accounting for Tastes*: 274-287.

¹⁴ Bennett, *Accounting for Tastes*: 97-98.

Samkvæmt rannsóknum Bennett þá er einnig mikil fylgni milli menntunar og tengsla fólks við menningu og listir. Ef jafn sterkt samband er á milli menntunar og tengsla við menningu og smekk eins og rannsóknir Bennett benda til, þá getur það haft mikil áhrif á sjálfsmynd einstaklinga og hvernig þeir upplifa sig í samfélaginu. Ef þekking hefur áhrif á smekk og smekkur leiðir til ákveðinnar samfélagsstöðu, þá getur aukin menntun stuðlað að því að fólk telji sig eiga heima hærra í samfélagsstiganum. Þegar ofarlega er komið í samfélagsstigann þá er hægt að tala um þá sem þar eru sem einhverskonar elítu.¹⁵ Elíta er hópur sem telur sig búa yfir þekkingu og hæfni til að skilja heiminn í kringum sig betur en aðrir. Elítan leitast því við að túlka heiminn eins og hún sér hann fyrir aðra og telur sig þannig vera í aðstöðu til að stjórna öðrum, hvort sem það er á grundvelli auðs, þekkingar eða valds. Ég hef kynnt til sögunnar hugtakið intelligentsía og hvernig Bakhtin notar það til að lýsa þeim sem leitast við að túlka heiminn fyrir aðra. Ítalski fræðimaðurinn Antonio Gramsci talar líka um virkni „the intellectuals“ eða hinna hugsandi manna. Þetta er ekki ein stétt; allir eru hugsandi menn en í samfélaginu eru sumir sem gegna því hlutverki frekar en aðrir. Þessu fólki má skipta í tvo flokka, hefðbundnum menntuðum hugsuðum, fræði- og vísindamönnum sem virðast deila svipaðri stöðu í samfélaginu og mynda ákveðna stétt. Svo er annað hugsandi fólk á öllum stigum samfélagsins sem miðlar hugsjónum sínum og oft stórhug innan síns hóps og hefur áhrif á ákveðnum sviðum samfélagsins.¹⁶ Þegar talað er um hugsandi fólk sem leitast við að stjórna öðrum meðlimum samfélagsins er því ekki einungis verið að horfa til menntaðs fólks í háum stöðum í samfélaginu sem hefur augljóst vald yfir samborgurum sínum. Einnig er horft til fólks sem hefur óljósara vald en hefur skoðanir og markmið og reynir að koma hugsjónum sínum á framfæri í samfélaginu. Í skrifum mínum um þá sem eru á einhvern hátt í ráðandi stöðu í samfélaginu mun ég nota orðið elíta, ef ekki er beinlínis átt við yfirvöld, en það á betur við þegar íslenskar aðstæður eru skoðaðar. Hér á landi er erfitt að tala um stéttaskiptingu í samfélaginu á grundvelli auðs og uppruna, líkt og hægt er í öðrum löndum þar sem fjölbreyttara og fjölmennara samfélag er skoðað.¹⁷ Elítan,

¹⁵ Bennett, *Accounting for Tastes*: 23.

¹⁶ Gramsci, *Selections from the Prison Notebooks*: 3.

¹⁷ Á Íslandi er erfitt að tala um yfirstétt þar sem það vísar í efnislega yfirburði en elíta getur náð yfir hóp sem er ráðandi í samfélaginu eða býr yfir eftirsóknarverðri þekkingu án þess þó að vera ráðandi í fjárhagslegum skilningi. Íslensk elíta getur haft lítið fé á milli handanna, líkt og myndlistakennarar, og þeir efnameiri geta einnig haft annan smekk en þann sem talinn er eftirsóknarverður í rannsóknum Bennett, eins og þeir nýríku sem hafa ekki þann veruhátt sem þarf til að taka réttar ákvarðanir um smekk.

intelligentsían og hugsandi fólk eru hópar sem þannig tengjast allir út frá hugmyndinni um ráðandi stöðu í samfélaginu þó sú staða byggir ekki endilega á ákveðnum valdagrunni eða rótgróinni samfélagsstöðu eins og kemur glögglega í ljós þegar horft er til samfélagsins í kringum Akureyrarvökuna.

Bennett byggir rannsóknir sínar upp á svipaðan hátt og Pierre Bourdieu, en Bourdieu var franskur félagsfræðingur, þekktur fyrir rannsóknir sínar á tengslum smekks og samfélagsstöðu. Bennett framkvæmir þó sína rannsókn á annan hátt en Bourdieu gerði á undan honum, enda var hann á margan hátt ósammála nálgun Bourdieu. Bennett fannst oft vanta meiri vídd í rannsókn Bourdieu og að það þyrfti að horfa til fleiri atriða en einungis uppruna, til dæmis til kyns og kynþáttar. Einnig finnst honum Bourdieu byggja um of á kenningu sinni um veruhátt (*e. habitus*), sem Bennett segir komast hættulega nálægt því að rökstyðja niðurstöðurnar með sjálfum forsendunum, það er að segja með því nota innihald hugtaksins sem rök fyrir gildi hugtaksins.¹⁸ Bourdieu skilgreinir veruhátt þannig að það sé ákveðin formgerð sem einkenni einstaklinga, hugsun þeirra, atferli og smekk. Veruháttur er okkur ómeðvitaður en hann á upptök sín í því samfélagi sem við lifum í, félagslegum aðstæðum okkar og þeim viðmiðum og gildum sem eru ráðandi í umhverfi okkar.¹⁹ Veruháttur sprettur þannig úr umhverfinu og skilgreinir okkur að mörgu leyti sem manneskjur.

Bennett styðst jafnframt við kenningu Michel Foucault um hugarfarsstjórnun (*e. governmentality*) þegar hann vísar til þess hvernig við skilgreinum hámenningu. Hugarfarsstjórnun yfirvalda samkvæmt Foucault á rætur í samfélagsbreytingum á 19. öld þegar hinar menntuðu yfirstéttir tóku að hafa vit fyrir almenningi með því að beina fólkinu að þeirri hegðun sem þeim þótti æskilegust.²⁰ Einnig horfir Bennett til Antonio Gramsci, sem lýsir þessari þróun á þann hátt að viðhorfin í samfélaginu hafi breyst samfara hinni ört vaxandi millistétt við upphaf 19. aldar. Almennigur var ekki lengur fólk sem dugði að drottna yfir og halda í skefjum, heldur var þetta fólk sem þurfti að uppfærða og aðstoða í átt að betra lífi. Við þessu hlutverki gengust yfirvöld og svo þeir hópar í samfélaginu sem töldu sig vera þess umkomnir að segja öðrum hvernig best væri

¹⁸ Bennett, *Accounting for Tastes*: 11-12.

¹⁹ Davíð Kristinsson, Inngangur: 8.

²⁰ Foucault, *Power*: 61-62.

að haga lífi sínu. Elítan var þó ekki að stefna að því að hífa allan almenning upp á hennar eigin stall heldur vildi hún miðla sinni menningu niður til lægri stéttanna. Almennitur gæti þá tekið lífshætti hennar sér til fyrirmyndar án þess þó að um flutning milli stétta væri að ræða, einungis leiðsögn fyrir fólkið.²¹

Í viðleitninni til að uppfræða almenning og breyta gömlum siðum og hugsunarhætti skapaðist þannig grundvöllur til að gefa almenningi tækifæri til þess að njóta menningar sem áður hafði aðallega verið aðgengileg afmörkuðum stéttum samfélagsins. Söfn áttu til dæmis að verða aðgengilegri fólkinu og þannig átti það að komast í snertingu við listir og menningu, sem og í snertingu við þekkingu í gegnum almenningsbókasöfn.²² Með þessum hætti mótuðu yfirvöld þann ramma sem þau töldu að almenningur ætti að nýta sér, en fólkið hafði þó frelsi til þess að velja. Æskileg hegðun er þannig boðuð af yfirvöldum og þau skapa nauðsynlegar forsendur fyrir almenning til að taka þátt í og lifa því lífi sem yfirvöld telja best.

Hugtök

Þegar Akureyrarvakan er skoðuð út frá því sem viðmælendur mínir höfðu að segja og því hvernig hátíðin er skipulögð þá eru nokkrar áherslur sem fram koma og verða rauði þráðurinn í úrvinnslunni. Hér eru því gerð skil þeim hugtökum sem ég nota til að útskýra nálgun fólks og yfirvalda á Akureyrarvökuna. Ég nota hugtök sem bæði Bennett og Bourdieu nota í sínum kenningum og lúta að menningu sem stjórnþæki og hvernig menning er afleiðing félagsmótunar. Menntun og þekking tengist þannig smekk og skilningi. Í kaflanum um elítuna og yfirvaldið verður unnið úr kenningum um smekk og mótun hans sem leiðir til umfjöllunar um hópa, einkenni þeirra og sjálfsmynd sem fjallað er um í kaflanum um almenning.

Þegar talað er um að yfirvöld reyni að móta menningu almennings þá er greinilegt að mismunandi merking er lögð í orðið menning, einhver menning er yfirvöldum ekki að skapi en önnur aftur á móti æskileg. Þannig hafa yfirvöld eitthvað ákveðið í huga þegar hátíð líkt og Akureyrarvaka er skipulögð en það þarf ekki endilega að samsvara því sem

²¹ Gramsci, *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*: 260.

²² Bennett, *Culture*: 107-110.

almenningur upplifir og álítur hátíðina standa fyrir. Viðurkennd menning samfélagsins sem haldið er á lofti af yfirvöldum er hámenningin, líkt og raunin er með Akureyrarvöku, og er það sú menning sem mótar ímynd samfélagsins út á við. Davíð Kristinsson lýsir ráðandi stöðu hámenningarinnar og yfirvaldsins yfir almenningi vel í innganginum sem hann ritar að safni greina eftir Bourdieu í íslenskri þýðingu, *Almenningsálitið er ekki til*:

Sökum þessa táknræna ofbeldis [að halda menningu almennings niðri] sem stutt er stofnanavaldi hafa lágstéttirnar tilhneigingu til að viðurkenna að hámenningin sem þær samsama sig sjaldnast sé þó einhvernveginn merkilegri en þeirra eigin. Lágstéttin hefur ekki forsendur til að upphefja eigin menningu [...].²³

Þar sem umrætt ofbeldi er táknrænt þá gerir fólk sér sjaldnast grein fyrir því og það verður hluti af lífi þess og mismununinni er tekið eins og hverri annarri staðreynd. Valdauppbygging samfélagsins verður að eðlilegum hlut fyrir einstaklinginn og hluti af hans veruhætti.²⁴

Til að vera hluti af hinni viðurkenndu menningu, hámenningu yfirvalda, þarf að hafa rétta smekkinn eða þann smekk sem yfirvöld og elítan telja réttastan. Bennett segir að smekkur mótist í gegnum menntun sem stuðli að „réttu“ vali í lífinu. Aukinn skilningur á samfélaginu og menningunni setur okkur í ákveðna stöðu og sú staða segir okkur og öðrum hvernig manneskjur við erum. Fólk flokkar sig og aðra í hópa til að öðlast betri skilning á samfélagi sínu. Hver einstaklingur tilheyrir svo fjölda mismunandi hópa sem allir hafa sína ímynd og einkenni. Þannig reynum við að skilja samfélag okkar og koma á einhverri reglu með stöðugri flokkun sem gerir okkur betur kleift að skilja samfélagið og annað fólk. Með þeim ákvörðunum sem fólk tekur á sér stað ákveðin flokkun sem setur eina tegund af smekk ofar öðrum tegundum og gerir eitt val merkilegra en annað. Í gegnum þessa flokkun mótast svo skilgreiningar á hámenningu og alþýðumenningu.²⁵ Þegar viðmælendur mínir vísa í það sem fræðimenn tala um sem alþýðumenningu, þá tala þeir um lágmenningu. Aftur á móti notar enginn orðið hámenning þó talað sé um ákveðna menningu í þeim skilningi en orðið finmenning kemur þó fram til að orða þessa

²³ Davíð Kristinsson, Inngangur: 24.

²⁴ Davíð Kristinsson, Inngangur: 25.

²⁵ Bennett, *Accounting for Tastes*: 8-9.

aðgreiningu. Annars voru afar fáir af viðmælendum mínum sem notuðu einhver sérstök orð til að aðgreina menningu en komu hugmyndum sínum um ólíkar áherslur á listir og menningu til skila í gegnum frásagnir sínar. Í þessari umfjöllun mun ég nota andstæðurnar há- og lágmenning í almennt umfjöllun þó annað komi fram í dæmum, en sami skilningur liggur að baki orðunum hjá viðmælendum mínum.

Ákvarðanir fólks í lífinu skipa því þannig í hópa, en þessar ákvarðanir byggjast ekki á fullkomnu valfrelsi. Til að velja sér einhvern tiltekinn lífstíl þarf að hafa réttan smekk og þá menntun sem gerir fólki kleift að taka þær ákvarðanir sem einkenna þennan lífstíl. Því þarf ákveðinn bakgrunn til að taka þær ákvarðanir sem leiða fólk á þær brautir sem það telur henta sér. Þannig verður sum menning óaðgengilegri en önnur. Þróunin hefur verið sú að ákveðin menning tilheyrir ákveðnum samfélagshóp, elítunni, sem oft er einnig tengdur yfirvaldinu. Vegna samfélagslegrar stöðu elítunnar hefur hún þannig færi á því að koma sinni menningu á framfæri sem ákjósanlegri menningu, en hún er ekki á færi allra né heldur höfðar hún til allra. Auk þess geta yfirvöld ákveðið að vissu leyti hvernig viðburðir fara fram, og hvort þeir fari fram yfir höfuð, og þannig sýnt hvað þeim er þóknanlegt.²⁶

Elítan hefur þannig tileinkað sér ákveðna þætti menningar og lista, líkt og að sækja leikhús og óperur, söfn og sýningar. Með því að tileinka sér ákveðna stöðu, hegðun og skoðanir sem endurspeglast svo í hvaða viðburði og staði hún sækir, þá er hún að viðhalda ákveðinni stöðu innan samfélagsins. Ef elítan er alltaf í óperunni ætti almenningi að skiljast að það sé ákveðinn lífstíll og staða sem þarf að liggja að baki því að sækja slíka menningarviðburði að staðaldri. Þessari stöðu er viðhaldið til dæmis í gegnum þá hefð að ákveðnu fólki er sérstaklega boðið á ákveðna viðburði. Sem dæmi má nefna að boðskort eru send á opnunarsýningar Listasumars þar sem frammámönnum og -konum bæjarins er sérstaklega boðið að koma, bæjarstjórn og skólastjórum, sem og útvöldum listamönnum. Viðburðurinn er þó öllum opin, almenningi er tilkynnt um hann í *Dagskránni*, rétt eins og raunin er með alla aðra viðburði á vegum bæjarins sem almenningur er hvattur til að sækja.

Til að átta sig á því hver staða elítunnar og staða almennings eru, getur verið gagnlegt að horfa til hugmynda Bourdieu um aðgengi að menningu. Aðgengið á stóran þátt í að

²⁶ Bennett, *Cultural Policy*: 15-16.

greina sundur há- og lágmenningu. Þegar Bourdieu talar um hámenningu þá er hann að vísa til þess að ákveðin menning sé ekki aðgengileg öllum og því geti sumir hópar samfélagsins eignað sér ákveðna tegund afþreyingar í lista- og menningarlífinu. Það eru þeir hópar sem hafa ákveðna þekkingu og smekk, elítan, sem helgar sér hin óaðgengilegu svið lista og menningar. Almenninngur hefur ekki lært að lesa í hámenningu eða öðlast dýpri skilning á verkum sem fela í sér eitthvað meira en augað sér. Gengið er út frá því að þeir sem menntaðri eru eða með meiri tengsl við hámenninguna búi yfir þessum skilningi, færinni til að lesa í merkingu og gildi verka sem almenningur skilur ekki.²⁷

Þessi skilningur er einnig nátengdur hugmyndum um smekk. Eftir því sem fleiri skilja ákveðna hluti og öðlast smekk fyrir því sem áður var álitid hámenning, þá fellur gildi þess í augum yfirstéttarinnar. Hið fágæta er dýrmætt, bæði þegar horft er til efnismenningar og þekkingar. Eftir því sem fólk öðlast aukna þekkingu þeim mun líklegra er að skilningur þess aukist einnig, og aukinn skilningur gerir heiminn aðgengilegri. Færni og þekking til að skilja er því á vissan hátt jafn eftirsóknarverð og sjaldgæfir munir.²⁸ Bourdieu segir því að opinber menning, sem er í raun hámenning þar sem hún er studd af yfirvaldinu og elítunni, virki á tvennan hátt. Menningin er opin almenningi og allir hafa góðan aðgang að listasöfnum og leikhúsum, bókasöfnum og óperusýningum, en aðgengi almennings er þó aðallega gott á yfirborðinu. Í raun eru söfnin enn staður þeirra menntuðu sem búa yfir skilningi á menningu og listum. Almenninngur nýtur hins vegar þeirrar menningar sem er aðgengileg í meiri mæli en hámenningin. Menning fjöldans er aðgengilegri og auðskiljanlegri, og þannig má mæla gildi lista- og menningarviðburða í öfugu hlutfalli við fjölda þeirra sem sýna þeim áhuga og skilning.²⁹

Smekkur fólks virðist þannig vera mælikvarði á þann skilning sem það býr yfir og skilningurinn aftur mælikvarði á menntun og stöðu í samfélaginu. Bourdieu lýsir þessu svo:

Smekkurinn flokkar, ekki síst þann sem flokkar. Félagsverur greina sjálfar sig frá öðrum með þeim greinarmun sem þær gera á

²⁷ Bourdieu, *Artistic taste and cultural capital*: 205-206.

²⁸ Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*: 54-57.

²⁹ Bennett, *Accounting for Tastes*: 229-230.

fögru og ljótu, faguðu og alþýðlegu, og láta þar með í ljós stöðu sína í hinni hlutlægu skipan.³⁰

Smekkur er lærður, samkvæmt Bourdieu, og því notar samfélagið smekk til að meta fólk þar sem hann segir margt um uppruna fólks og menntun. Bourdieu talar svo um félagslega viðurkenndan virðingarstiga listanna, sem samsvarar félagslegum virðingarstiga neytenda. Þannig getur smekkur staðsett fólk í stétt og þjónað sem flokkunartæki samfélagsins.³¹

Smekkur tengist einnig hugmyndum Bourdieu um veruhátt sem hann tengir einnig við stéttarvitund fólks. Ef smekkur ræðst af uppruna og samfélagslegri stöðu þá setur smekkur fólks það í ákveðna stöðu en getur einnig hindrað það frá því að klífa hærra í samfélagsstiganum. Smekkur einstaklingsins gefur þá til kynna uppruna hans og menntun sem setur hann á sinn stað í stéttskiptu samfélagi manna.³² Ingimar gaf mér gott dæmi um hvernig veruhátturinn endurspeglar í hugmyndum fólks og þau áhrif sem hann hefur á smekk þess:

Ef þú vildir kveikja áhuga almennings á listum og menningu þá heldurðu ekki *Ljóðakvöld Nýhils*, þú sýnir hérna *Best of Jim Carrey* myndir eða eitthvað. Ég meina það er bara þannig. [...] auðvitað er þetta uppeldislegt atriði líka, bara að fólk alist upp við það að hafa áhuga á þessu og gera þetta. En ég held að það sé til einskis að reyna að vekja áhuga fólks á þessu sviði menningar og listar sem hefur engan áhuga á því.³³

Ingimar hefur þarna litla trú á því að almenningur horfi út fyrir menningu fjöldans og í átt að einhverju sérstæðara, eitthvað sem fellur að hugmyndinni um hámenningu. Sú menning sem almenningur sækist eftir er aðgengileg menning sem auðvelt er að skilja, en sú menning sem færri sækjast eftir er oft óaðgengilegri og því eftirsóknarverðari. Ef litið er til rannsókna Bennett á bókasmekk fólks má sjá að eftir því sem fólk menntast meira aukast líkurnar á því að fólk eigi til dæmis sígildar bókmenntir eða ljóða- og

³⁰ Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*: 41.

³¹ Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*: 34.

³² Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*: 34.

³³ Viðtal 6b: 11 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

listaverkabækur.³⁴ Ef minna framboð er af ljóðum heldur en Hollywood kvikmyndum má því gera ráð fyrir að smekkur fyrir ljóðlist, sem færri sækjast eftir, sé eftirsóknarverðari í augum elítunnar heldur en smekkur fyrir verkum Jim Carrey, sem mikill fjöldi sér. Hugmyndir viðmælanda míns eru því í nokkru samræmi við nálgun Bennett og Bourdieu á hámenningu og veruhátt.

Í viðtali mínu við Loga kemur hann oft inn á þá breytingu sem hann telur hafa átt sér stað á Akureyri með stofnun Háskólans á Akureyri. Þegar hann flutti aftur til Akureyrar þá fannst honum mun meiri borgarbragur á bæjarfélaginu en áður og þakkar hann það að miklu leyti starfsemi Háskólans og fólkinu sem flutti til bæjarins til að stunda þar nám. Logi tekur þó ekki alveg í sama streng og Bourdieu þegar hann útskýrir þátttöku þessa fólks í menningarlífínu í bænnum. Hann talar um breytinguna sem hefur átt sér stað og segir: „Ég ímynda mér að Háskólinn hafi spilað þar sterka rullu. Það fyllist náttúrulega bærinn af ungu fólki sem hefur tíma til að slæpast og sækja kaffihús og listasýningar og svoleiðis. [...] Akureyrarvakan er væntanlega bara eðlilegt framhald af því.“³⁵ Bakgrunnur fólks á menntasviðinu skiptir því máli þegar þátttaka í menningu er annars vegar, en samkvæmt Bourdieu hefur félagslegur bakgrunnur fólks líka áhrif. Hulda Sif fór í viðtali okkar að velta fyrir sér tengslum uppeldis og þess að sækja menningarviðburði en var þó ekki alveg með fastmótaðar hugmyndir um sambandið þar á milli þar sem hún hafði ekki velt því fyrir sér áður, en hún segir:

Það er samt fyndið þegar maður fer svona virkilega að hugsa um þetta. Maður hefur bara ekki þælt almennilega í því hvað það er uppeldislegt, að taka hræðsluna einhvern veginn frá fólki, sem er náttúrulega stór punktur sko. Af því að ég held að meðal Jóninn sé ekkert endilega sko þú veist, þessir Gil-dagar [...], ég veit ekki hversu mikið sko Jón og Gunna mæta, ég hef ekki sens fyrir því.³⁶

Þessar vangaveltur má skoða í ljósi veruháttar eins og hjá Ingimari hér fyrr. Ef fólk leggur ekki í vana sinn að taka þátt í lista- og menningarviðburðum, þá gæti fólki þótt það sér og

³⁴ Bennett, *Accounting for Tastes*: 157. (Til dæmis á um 75% menntafólks sígildar bókmenntir á móti um 20% þeirra sem minna eru menntaðir).

³⁵ Viðtal 10: 2 og 9 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

³⁶ Viðtal 5: 27 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

sínu lífi óviðkomandi. Á Akureyrarvökunni taka hinsvegar margir bæjarbúar þátt í hátíðinni sem einkennist af afþreyingu sem þeir sækja ekki alla jafna.

Í því samhengi vil ég skoða hugmyndir fólks um ímynd eða sjálfsmynd hópsins. Ég hef fjallað um hópa og smekk og hvernig fólk flokkar sig og aðra í gegnum hugmyndir sínar um þessa skiptingu í samfélaginu. Ef dæmið er stækkað má horfa á samfélögin á sama hátt, enda hvert samfélag einn stór hópur svo lengi sem fólkið innan þess hóps á eitthvað sameiginlegt.³⁷ Í grein Dorothy Noyes um hópa má finna þá nálgun á hópinn að hann sé í raun ímyndað fyrirbæri sem byggir á hugmyndum alls samfélagsins. Þar sem hugmyndin er til staðar virðast hóparnir vera raunveruleg fyrirbæri. Samfélagið ýtir svo undir hugmyndir fólks um hópa þar til ímyndin sjálf virðist vera orðin það raunveruleg að svo virðist sem hægt sé að skilgreina hópa út frá þeirri ímynd sem þeir byggja á.³⁸ Með einkennum sínum og ímynd afmarkar svo hópurinn sig frá öðrum hópum og leitast við að varpa ljósi á hvernig hópurinn er og einstaklingarnir sem honum tilheyra.³⁹ Viðmælendur mínir gáfu mér ákveðna sýn á að þeir sem íbúar Akureyrar vilja skapa ákveðna ímynd. Til viðmiðunar notuðu þau oft aðra hátíð sem haldin er á Akureyri um Verslunarmannahelgina, hátíðina Eina með öllu – en að þessari viðmiðun verður vikið nánar að hér á eftir.

Ímynd Akureyrarvöku er á margan hátt sú sem yfirvöld vilja koma á framfæri, en ímyndin felst líka í viðtökum Akureyringa sjálfra og hvernig þeir horfa á hátíðina. Til að skýra viðhorf viðmælanda minna ætla ég að styðjast við hugmyndir heimspekingsins Slavoj Žižek sem fjallar um hvernig hópur geti haldið í ákveðna hugmynd eða trú - sem við getum líkt við hugmyndina um Akureyrarvöku - til þess eins að halda uppi blekkingu - sem við getum hugsað okkur sem ímynd Akureyrarvöku. Blekking og ímynd eru ekki það sama, en ímynd er samt sem áður á einhvern hátt huglægt mat sem erfitt er að staðfesta sem sannleika. Žižek dregur upp áhugaverða mynd af því þegar fólk sameinast um að halda í einhverja ímynd sem það vill að sé sönn, hver svo sem raunveruleikinn er. Hugmynd sinni kemur hann til skila í gegnum umfjöllun um hvernig grímur geti verið táknræn blekking. Þegar gríma er sett upp þá getur eitthvað venjulegt öðlast dýpri merkingu í gegnum löngun fólks til að trúa því að svo sé. Hægt er að hugsa sér að

³⁷ Dundes, *The Study of Folklore*: 2.

³⁸ Noyes, Group: 27.

³⁹ Abrahams, Identity: 200-201.

Akureyrarvaka sé gríma Akureyrar og Akureyringar trúi því á meðan gríman er uppi að bærinn þeirra sé það sem yfirvöld vilja að hann sé og listamenn segja að hann sé á þeim viðburðum sem eiga að styðja þessa hugmynd. Merking grímunnar er þannig dýpri en það sem liggur að baki. Gríman gefur þeim sem hana ber merkingu sem helst einungis meðan hún er borin, eftir það hverfur merkingin með grímunni. Á sama hátt og gríman er merkingaþrunnari en grímuberinn, þá skiptir ímynd Akureyrarvöku meira máli fyrir fólkið heldur en það sem felst í hátíðinni sjálfri.⁴⁰ Ímyndin skiptir máli og að mótun hennar koma margir en á misjafnan hátt. Yfirvaldið reynir að móta samfélagið eftir sínu höfði en almenningur getur verið á öndverðum meiði, eða farið eftir sínu eigin höfði innan þess ramma sem yfirvaldið skapar.

⁴⁰ Žižek, *For They Know Not What They Do*: 244-247.

3. Elítan – Fólkið ræður sér... en samt.

Glæra með titlinum „Intelligentsía“ hrinti þessari rannsókn af stað, en þrátt fyrir ágæta útskýringu þar þá er það skilgreining Karl Mannheim sem má segja að nái best utan um hvað intelligentsían eiginlega er:

In every society there are social groups whose special task it is to provide an interpretation of the world for that society. We call these the intelligentsia.⁴¹

Hvað er rétt og hvað er rangt? Hvernig á að haga sér? Hvað er flott og hvað er ekki þess virði að eyða tíma sínum í það? Hvað á okkur að finnast? Þetta eru stórar spurningar, en alltaf eru einhverjir tilbúnir með svörin fyrir okkur, hvert sem við leitum. Hér í þessum kafla verður fjallað um hvernig yfirvaldið skapar ákveðna ramma í samfélaginu sem ætlast er til að almenningur lagi sig að. Litið er á Akureyrarvöku með þennan ramma í huga og horft til þess sem viðmælendur mínir segja um hvernig Akureyrarvaka eigi að virka fyrir fólkið.

Michel De Certeau fjallar um menningu og fjöldann í bók sinni *Culture in the Plural*, þar sem hann segir að fjöldinn hegði sér eins fyrir tilstuðlan ákveðins hóps, elítunnar. Hópurinn er í eðli sínu hlutlaus og er því auðveldlega stjórnað af leiðtogum eða öðrum sem sækjast eftir því að hafa áhrif.⁴² Þeir sem sækjast eftir því að hafa áhrif hafa líklegast einhverjar ástæður fyrir því að vilja láta í sér heyra. Samkvæmt Bourdieu er hugmynd elítunnar sú að venjulegt fólk hafi ekki getu eða forsendur til að skilja ákveðna list eða menningu á sama hátt og er á færi mentamanna. Elítan setur sig þannig í ákveðna stöðu þar sem hún túlkar fyrir hina það sem sá hópur telur rétt eða gott. Hlutverk þeirra er að leiða almúgann áfram, uppfærða og kenna.⁴³ Þetta kemur heim og saman við kenningar Bennett og Gramsci um hvernig yfirvöld reyna að stjórna hegðun fólks með því að gefa því ákveðinn ramma sem endurspeglar hugmyndir þeirra um æskilegt atferli.⁴⁴ Undir þetta sjónarmið tekur einn viðmælandi minn, Anton, þegar hann útskýrir hugmyndir sínar

⁴¹ Mannheim, *Ideology and Utopia*: 9 (Ísl. „Í öllum samfélögum eru ákveðnir hópar sem hefur það hlutverk að túlka heiminn fyrir samfélag sitt. Þessa hópa nefnum við intelligentsíuna“).

⁴² De Certeau, *Culture in the Plural*: 85.

⁴³ Bourdieu, *Distinction*: 62-63

⁴⁴ Bennett, *Culture*: 108-109 og Gramsci, *Selections from the Prison Notebooks*: 260.

um hegðun hópa í samfélaginu og segir „[...] heildin hugsar eins, og heildin er heimsk. Þegar einn fer niður í bæ þá eltir restin, það er bara þannig. Þetta er gott, ég er ekki að segja þetta sem neikvæðan hlut. Þetta er að sjálfsögðu jákvætt. Fólk bregst við, hvað segir maður, atferli annarra.“⁴⁵

Að bregðast við atferli annarra, eða fylgja foringjanum? Í skrifum sínum um stjórnun og vald dregur Michel Foucault upp myndir af heildinni úr fornum heimildum, líkt og Biblíunni, þar sem oft er vitnað til þessa sambands yfirvalds og almennings sem samband fjárhirðis og hjarðar. Hjörðin eltir hirðinn í trausti þess að hann leiði hópinn í rétta átt og geri það sem öllum er fyrir bestu. Hugmyndin um hinn leiðitama hóp virðist því vera gegnumgangandi í gegnum söguna og vald er alltaf til staðar í einhverju formi þar sem samskipti eiga sér stað og birtist í ýmsum myndum.⁴⁶

Því verður haldið fram hér að ofangreindar kenningar um þessa siðbætandi ásjónu yfirvaldsins sem leitast við að uppfærða almenning um æskilega hegðun og smekk bregði talsverðri birtu á Akureyrarvökuna. Þegar bæjaryfirvöld taka sig til og styrkja eitt listform umfram annað, eða ákveðna listamenn umfram aðra, á sér alltaf stað ákveðið val. Í Menningarstefnu Akureyrarbæjar frá árinu 2005 segir:

Bæjarstjórn Akureyrar vill efla svo lista- og menningarstarf í sveitarfélaginu að það öðlist sess sem fyrirmynd annarra sveitafélaga á Íslandi. Til þess að gera Akureyri að þungamiðju öflugs menningarstarfs hyggst bæjarstjórn í samvinnu við ríkisvaldið standa vörð um rekstur þeirra meginstofnana á sviði tónlistar, leiklistar og myndlistar sem hafa um langt skeið verið kjölfesta menningarlífsins.⁴⁷

Yfirvöld hafa ákveðnar hugmyndir um að gera Akureyri að þungamiðju öflugs menningarstarfs. Akureyrarvaka er einn liður í þessari þróun í átt að þeim menningarbæ sem yfirvöld vilja skapa en í stefnu þeirra segir einnig: „Með stuðningi sínum við lista- og menningarstarf vill Bæjarstjórn Akureyrar skapa farveg fyrir sköpunargáfu og þroskakosti

⁴⁵ Viðtal 2b: 2 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigríðarson (í vörslu höfundar).

⁴⁶ Foucault, *Power*: 300-302.

⁴⁷ *Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar*.

bæjarbúa og stuðla að atvinnusköpun. Ennfremur tryggja aðgang allra að menningartilboðum og stuðla að jákvæðri ímynd samfélagsins.⁴⁸ Bæjarstjórnin lýsir því hér yfir að í gegnum lista- og menningarstarf séu bæjaryfirvöld að stuðla að auknum tækifærum íbúa til frekari þroska. Yfirvaldið styður ýmsar stofnanir og annað menningarstarf í bænum og þar býðst almenningi ákveðin afþreying í boði leiðandi stofnana á Akureyri á sviðum lista og menningar. Í litlu samfélagi eins og á Akureyri er það því fámennur hópur starfsmanna Akureyrarstofu, Menningarmiðstöðvarinnar og listaskólanna, auk Leikhússtjórans og starfandi listamanna á Akureyri, sem mótar þá menningu sem yfirvaldið styrkir og býður bæjarbúum upp á.

Fram kemur í tilvitnuninni úr stefnu bæjaryfirvalda í menningarmálum að yfirvöld vilji stuðla að jákvæðri ímynd Akureyrarbæjar í gegnum stuðning sinn við listir og menningu. Á sama hátt og val einstaklingsins endurspeglar smekk hans og þá hugsanlega þekkingu hans og stöðu, endurspeglar val samfélagsins þá ímynd sem það kýs sér. Val samfélagsins er þó misjafnt eftir því hvert er horft, yfirvaldið og almenningur er ekki alltaf með sömu áherslurnar. Starfsmenn á vegum bæjarins stýra hátíðinni Akureyrarvöku og móta ímynd hennar. Engum er bannað að taka þátt og vera með dagskrárlið á hátíðinni en sumum viðburðum er gert hærra undir höfði en öðrum.⁴⁹

Jón og Gunna

Viðburðir Akureyrarvöku eru afar fjölbreyttir en skipuleggjendur hátíðarinnar gera sér grein fyrir því að höfða þarf til allra bæjarbúa ef halda á hátíð af þessu tagi í bæjarfélagi sem ekki er stærra en Akureyri. Hulda Sif á Akureyrarstofu tekur þannig til orða þegar hún er að tala um menningarlíf á Akureyri árið um kring og aðsókn almennings: „Fólk er að missa af því líku konfektmolunum, bara af því að það kannski heldur að það eigi ekkert erindi.“⁵⁰ Þegar hún er spurð frekar út í hvaða fólk það sé sem er þarna að missa af

⁴⁸ *Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar.*

⁴⁹ Viðtal 5: 15 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁵⁰ Viðtal 5: 15 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

því sem í boði er, þá virðist það vera einhver hópur sem finnst hann ekki eiga heima á þessum viðburðum. Fólkið sem svo háttar til um kallar hún „Jón og Gunnu.“⁵¹

Það eru þessir Jónar og Gunnur sem reynt er að fá í bæinn á Akureyrarvöku. Allir eiga að koma og vera með og gæti það verið leið að því markmiði yfirvalda að „ tryggja aðgang allra að menningartilboðum.“ Anton Sigurður heldur því fram að á svona viðburðum skipti engu máli hvort maður sé reglulegur þátttakandi í listviðburðum eða sé „bara Jón eða Gunna úti í bæ, allir koma og taka þátt.“⁵² Ingimar tekur í svipaðan streng þegar hann lýsir Akureyrarvökunni:

Allt í einu er það orðið eitthvað svona félagslega „acceptable“ fyrir þennan Jón Jónsson hérna smið í Keilusíðu að fara á Listasafnið sem honum mundi undir venjulegum kringumstæðum ekki detta í hug.⁵³

Við fáum þarna innsýn í landafræði menningarlífsins, en Keilusíða er gata ofarlega í Þorpinu, nánar tiltekið í Síðuhverfi, sem er um það bil eins langt frá miðbænum og mögulegt er. Við sjáum einnig að í huga Ingimars ríkir ákveðið áhugaleysi á list meðal almennings. Ummælin sýna þó einnig að áætlun yfirvalda um jafnt aðgengi allra gengur upp á meðan á Akureyrarvöku stendur. En jafnt aðgengi allra og hugmyndir um einhvern sérstakan hóp venjulegra bæjarbúa gefa í skyn ákveðnar hugmyndir um hópaskiptingu í samfélaginu, yfirvaldið og listaelítuna, og svo hinn almenna bæjarbúa, Jón og Gunnu. Erfítt var að fá viðmælendur mína til að tjá sig nánar um hvernig þeir hugsuðu sér þennan hóp. Logi lýsir Akureyrarvöku sem hátíð hinna finu lista og viðmælendur mínir sem hafa komið að hátíðinni tala um Akureyrarvöku sem hátíð fyrir listamenn eða uppskeruhátíð listanna. Aðrir líta einungis á þessa hátíð sem skemmtun, uppbot á hversdeginum og tækifæri til að hitta annað fólk. Listafólkið og Jón Jónsson eru því á Akureyrarvöku á ólíkum forsendum. En allir koma og eins og Anton segir:

Það skiptir yfirleitt ekki máli hvaða einstaklingur þetta er, það getur bara verið hvaða manneskja sem er, sem getur bara allt í

⁵¹ Viðtal 5: 15 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁵² Viðtal 2a: 2 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigríðarson (í vörslu höfundar).

⁵³ Viðtal 6a: 3 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

einu mætt niður í Gil á opnanirnar. Bara til þess að koma, ekki til þess að sjá einhverja sérstaka sýningu eftir Jónas Viðar, einhverja „specific“ sýningu Óla G. eða til að sjá eitthvað eftir Jónu Hlíf. Þetta er bara burtséð frá því, fólk bara mætir einhvernveginn á opnanirnar, það býr á Akureyri, þetta er hluti af menningarlífínu á Akureyri og einhvernveginn taka allir þátt í menningu.⁵⁴

Þegar horft er á þessi dæmi má sjá að listviðburðirnir sjálfir eru ekki það sem skiptir alla máli. Jón og Gunna koma ekki vegna þeirra, heldur til að vera með. Hulda Sif og Ingimar hafa bæði starfað við hátíðina og tala um ólíka hópa sem sækja hátíðina og menningarlíf almennt. Þeir sem tengjast hátíðinni sem gestir, líkt og viðmælendur mínir Logi og Anna Lóa, sjá einnig að það eru ólíkir hópar sem sækja þessa hátíð og á ólíkum forsendum, enda sjálfsagt með ólíkan smekk.

Þrátt fyrir að Akureyrarbær sé að halda uppi ákveðinni menningarstarfsemi árið um kring, þá er aðsókn almennra bæjarbúa að öðru jöfnu ekki mikil á það sem í boði er. Linda María í Menningarmiðstöðinni í Ketilhúsinu segir fólk vera duglegt að koma í bæinn á Akureyrarvöku, en bara þennan eina dag, í þeim tilgangi að sækja lista- og menningarviðburði.⁵⁵ Í grein í *Vikudegi* árið 2008 er fjallað er um hátíðina og er þar haft eftir framkvæmdarstýru Akureyrarvöku, Guðrúnu Þórsdóttur, að um 6000 manns hafi verið samankomnir í bænum þegar mest var.⁵⁶ Á venjulegum dögum í Gilinu má þó búast við að á listsýningar eða tónleika komi ekki fleiri en fjórir eða fimm gestir yfir daginn og jafnvel undir tíu manns á tónleika, það þekki ég af eigin reynslu. Í skýrslu sem Linda María tók saman eftir starfsár Menningarmiðstöðvarinnar 2008 má líka sjá muninn á aðsókn eftir sýningum og tímasetningum þeirra. Á sýninguna *Sonniettusveigur*, sem stóð í Deigluinni í byrjun ágúst sumarið 2008, er áætlað að komið hafi 148 manns. Á föstudagshádegstónleikana í Ketilhúsinu 16. júlí 2008 er áætlað að 20 manns hafi mætt. Á

⁵⁴ Viðtal 2b: 1 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigríðarson (í vörslu höfundar).

⁵⁵ Viðtal 9: 2 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Lindu Maríu Ásgeirsdóttur (í vörslu höfundar).

⁵⁶ *Vikudagur* (4. september 2008, 34.tbl, 12.árg). Mikill fjöldi fólks tók þátt í árlegri Akureyrarvöku: 8.

sýninguna sem opnaði á Akureyrarvöku það sumar, *Dulmögnun djúpsins*, er aftur á móti áætlað að um 1.500 manns hafi mætt.⁵⁷

Yfirvöld hafa skapað þarna þó nokkra menningarstarfsemi á afmörkuðu svæði sem auðvelt er að sækja, en áhugi virðist ekki vera fyrir hendi í ríkum mæli. Anton heldur því fram að allir Akureyringar taki þátt í menningunni, hvort sem þeir þekkja til eða ekki, en aftur á móti segir Anna Lóa að hún nenni ekki að koma á listasýningar á ósköp venjulegum degi. Það stafi ekki af því að henni finnist hún ekki eiga heima þar, heldur af því að hún sé ekki nógu mikil listaspíra. Á Akureyrarvöku er aftur á móti búið að búa til stórviðburð fyrir bæjarbúa og þá fari allir í bæinn. Þá mæti hún vissulega með öllum hinum.⁵⁸

Enginn viðmælenda minna tók í raun afgerandi afstöðu til gildis ólíkrar menningar eða affþreyingar, enda kannski enginn í aðstöðu til þess og erfitt er að skipta samfélaginu á Akureyri jafn skýrt og Bennett gerir í Ástralíu eftir rannsóknir sínar. Hugmyndin um hópana kom fram í máli þeirra, en nánari skýringar var ekki hægt að fá, nema þá að Akureyrarvaka höfðaði kannski meira til listafólksins⁵⁹ sem viðmælendur mínir sáu sem andstæðuna við hinn almenna gest hátíðarinnar. Bennett talar um að við flokkum fólk til að skilja samfélagið betur og virðast viðmælendur mínir nota nöfnin um Jón og Gunnu til að lýsa ákveðnum hópi. Listafólkið er einn hópur og Jón og Gunna eru annar, en þessa skiptingu notar fólk frekar en að tala um sérstaka há- eða lágmenningu. Fólk er því ekki tilbúið til að skipta fólki í hópa út frá menntun eða stöðu en það horfir frekar til lífstíls fólks eða áhugasviðs. Viðmælendur mínir tala um listaspírur sem er fólkið sem sýnir áhuga sinn og smekk með því að mæta á list- og menningarviðburði en svo er annar hópur sem hefur önnur áhugamál og annan smekk. Hámenning og alþýðumenning eru ekki orð sem viðmælendurnir nota, þó þeir ýji ef til vill að einhverri slíkri skiptingu, en skipting fólks í hópa eftir smekk á Akureyri kemur þó engu að síður ágætlega heim og saman við skilgreiningu Bennett á þessum ólíku sviðum menningar og hugmyndir Bourdieu um aðgengi.

⁵⁷ Linda María Ásgeirsdóttir. *Menningarmiðstöðin í Listagili yfirsýn yfir viðburði og gestaþjölda 2008*: 7-12.

⁵⁸ Viðtal 1: 5 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

⁵⁹ Viðtal 1: 14 (5. október 2009) Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar); Viðtal 3: 4 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar) og Viðtal 10: 6 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

Bourdieu heldur því fram að „Smekkurinn flokkar ekki síst þann sem flokkar,“⁶⁰ og áhugavert er að sjá hverjir það eru af viðmælendum mínum sem nota þessa flokkun, listafólkið og Jón og Gunna. Þeir sem tala um Jón og Gunnu og hvernig þau mæti á lista- og menningarviðburði er allt fólk sem sjálft tekur reglulega þátt í þeim viðburðum: Hulda Sif, Anton og Ingimar til dæmis. Þeir sem tala um að hátíðin sé fyrir þá sem hafi áhuga á list, listafólk og listaspírur, eru almennir gestir hátíðarinnar: Anna Lóa, Logi og Ármann.⁶¹ Fræðimaðurinn Stuart Hall segir að við vitum hver við erum með því að miða okkur við aðra, skilgreina þá og horfa til þeirra þátta sem aðgreina okkur. Við erum það sem hinir eru ekki, við finnum okkar eigin einkenni með því að gera okkur grein fyrir því hvað við erum ekki og þannig hvernig við viljum vera.⁶² Þannig koma þessar hugmyndir um hópa frá þeim sem eru að tala um einhverja aðra en sig og sína en hópurinn er samt sem áður óljós hugmynd og kannski ekki til nema út frá þeirri ímynd sem fólk hefur af öðrum, fólk staðsetur sig því betur í samfélaginu með því að mynda sér skoðun á öðru fólki.

Yfirvöld hafa búið til hátíð til að fá bæjarbúa til að koma í bæinn og njóta list- og menningarviðburða, og það virðist vera að takast. Meðan fólk lætur hvern „konfektmolann“ á fætur öðrum fram hjá sér fara á öðrum tímum árs, svo vitnað sé til orða Huldu Sifjar, þá mætir fólk í stórum stíl á Akureyrarvökuna. Akureyrarbær býður fólki ærin tækifæri til þess að kynna sér listir og menningu, en það er ekki nema á Akureyrarvöku sem fólk nýtir sér þetta í einhverjum mæli og þiggur konfektmolana sem yfirvöld og elítan sameinast um að bjóða upp á. Þannig sækir almenningur það sem boðið er upp á eins og honum hentar.

Í viðtali mínu við Loga spurði ég hann út í það hvernig hann upplifði Akureyrarvöku og það sem þar er í boði. Hann sér þennan ramma sem yfirvöld og skipuleggjendur hafa búið til og geldur varhug við því að gera einum þætti menningar hærra undir höfði en öðrum. Honum finnst þannig að Akureyrarvakan sé með of mikla áherslu á hámenninguna, eða „fínkúltúrin“ eins og hann kallar það.

⁶⁰ Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*: 41.

⁶¹ Sjá viðtöl við þessa einstaklinga nr; 5: 27, 2a: 2, 6a: 3, 1: 14-16, 10: 4 og 3: 4 (í vörslu höfundar).

⁶² Hall, *The Local and the Global*: 174.

Hátíðin er að mestu leyti tengd þessu sem við köllum finmenningu og þá væntanlega höfðar hún frekar til fólks sem hefur áhuga. Það er auðvitað fínt að vekja áhuga sem flestra á þessari tegund af skemmtun, en það má ekki stilla henni upp þannig að hún þyki eitthvað merkilegri en annað. [...] Það mætti þú veist reyna að ná út fyrir þennan fínkúltúr. Mér finnst kannski of mikið byggt á honum, þó það sé allra góðra gjalda vert.⁶³

Fínkúltúrin eða hámenningin er því ráðandi á Akureyrarvöku, „sýningar og uppákomur í svona sparikantinum“ eins og Ármann kallar það.⁶⁴ Fólk kemur en það hefur kannski eins og Logi skoðun á því hverju megi breyta ef þessi ákveðna menning sem lögð er áhersla á er ekki endilega það sem það er að sækjast eftir. Smekkurinn segir margt um fólk og viðburðir Akureyrarvöku eiga að höfða til breiðari smekks en venjulegir lista- og menningarviðburðir og því er áhugavert að sjá hvaða viðburðir það eru sem njóta hvað mestrar hylli meðal gesta hátíðarinnar. Með þetta í huga vil ég nú beina sjónum mínum að hugmyndum Bourdieu um aðgengi og hvernig skilningur og smekkur virðast skipta máli á Akureyrarvökunni.

Aðgengi og aðsókn

Til að varpa skýrara ljósi á þátttöku almennings í hátíðinni ætla ég að fjalla um hvernig fólk upplifir viðburði hátíðarinnar. Þegar viðtölin eru lesin saman við hugmyndir Bourdieu um aðgengileika menningar sést að viðmælendum mínum var ofarlega í huga hvernig viðburðir væru í boði. Anna Lóa nefnir til dæmis að hún nenni alls ekki að fara á einhverja viðburði sem hún skilur ekki. Henni finnst gaman að fara á einhverja viðburði þegar hún drífur sig, en þá þarf það líka að vera eitthvað sem hún skilur svo hún geti notið þess.⁶⁵ Viðmælendur mínir nálgast þannig efnið á mismunandi hátt, hver eftir sínum smekk. Sumir viðburðir þóttu áhugaverðari en aðrir og sumir hugsuðu út í hvað væri áhugavert fyrir aðra að sjá.

⁶³ Viðtal 10: 6 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

⁶⁴ Viðtal 3: 4 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

⁶⁵ Viðtal 1: 3 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

Dagskrá Akureyrarvöku hefur verið afskaplega fjölbreytt í gegnum árin en mis viðamikil. Nú í ár einkenndist dagskráin einna helst af viðburðum sem má flokka sem hámenningu, en það hefur ekki alltaf verið svo. Það koma ár inn á milli þar sem áherslan virðist vera meiri á viðburði fyrir alla fjölskylduna og almenna skemmtun. Árið 2004 mátti til dæmis lesa í auglýsingu hátíðarinnar að á Akureyrarvöku væri bæjarbúum boðið upp á að koma frítt í sund, krökkunum var boðið á hestbak og einnig voru leiktæki til staðar fyrir yngri kynslóðina. Auk þess var haldin fjallahjólakeppni og tískusýning og kvöldinu lauk með dansleik. Inn á milli er svo minnst á upplestra, sýningar, mynd- og leiklist.⁶⁶

Þó áherslur séu misjafnar milli ára er tilgangurinn alltaf sá sami hjá aðstandendum hátíðarinnar. Í gegnum störf mín í Gilinu sá ég að miklu skiptir að fá fólk í bæinn og bjóða upp á dagskrá sem við getum verið stolt af að setja undir hatt Akureyrarvöku. Áhersla er lögð á fyrsta flokks list- og menningarviðburði, auk þess að bjóða upp á afþreyingu sem höfðar til sem flestra og fólk hefur almennt gaman að, því gleðilegur á þessi dagur að vera. Viðmælendur mínir virðast vera á þeirri línu. Hvort sem þeim finnst sjálfum skemmtilegast að fara á myndlistarsýningar eða röltu um bæinn með fjölskyldunni þá skiptir mestu máli að skemmta sér. Það sem oftast ber á góma í viðtölunum varðandi Akureyrarvökuna er það sem skipulagt hefur verið sem fjölskylduskemmtun og það sem hefur verið öðruvísi frá ári til árs líkt og sérstök lokaatriði sem hafa verið gjörningar af einhverju tagi. Viðburðirnir hitta misvel í mark, en almenn ánægja er með að hátíðin endar með flugeldasýningu.⁶⁷ Fólk hafði gaman að Ástarvagninum þar sem strætisvagn var skreyttur með hjörtum og fólk fékk að smakka á Ástarkökunni.⁶⁸ Eins hafði fólk gaman að söng Karlakórsins Geysis á bátum Húna⁶⁹ og

⁶⁶ *Veggspjald Akureyrarvöku 2004.*

⁶⁷ Viðtal 2b: 8 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigríðarson (í vörslu höfundar); viðtal 6b: 13 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar); viðtal 8a: 11 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar) og viðtal 7: 2 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

⁶⁸ Viðtal 7: 4 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar) og viðtal 5: 24 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁶⁹ Viðtal 3: 6 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar) og viðtal 7: 4 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

Jóna Hlíf segir; „fólk vill sjá einhver svona atriði. Eins og fólk elskar að sjá tískusýningar eða svona einhverja svona trúða [...].“⁷⁰

Kökur og kórsöngur geta ekki klikkað en meiri áhætta fylgir gjörningum á borð við þann þegar þekktasta gjörningarkona Akureyrarbæjar klæddi sig í gervi fugls, sveif í krana yfir hálfbyggðu menningarhúsi bæjarins og þóttist verpa á þak þess. Árið áður lék hún hafmeyju á Pollinum og minntust flestir viðmælenda minna á þessa tvo gjörninga. Afar skiptar skoðanir voru um gildi þeirra. Hulda Sif segist nánast hafa tárast þegar hún horfði á hafmeyjuna, það snart hana svo djúpt,⁷¹ og myndlistarkonan Jóna Hlíf segir annan gjörninginn vera flottasta lokaatriði sem hún hafi séð.⁷² Anna Lóa tók hinsvegar fram að hún nenni nú alls ekki að fara niður í bæ til að horfa á einhverja konu leika hafmeyju og Jóhanna Sigurlaug átti ekki orð yfir skrípalátunum þegar gjörningakonan lék fuglinn.⁷³

Ólík upplifun viðmælenda minna á þessum atriðum kallast á við hugmyndir Bourdieu um aðgengi og skilning. Gjörningar af því tagi sem hér er lýst ná misvel til viðmælenda minna en fróðlegt er að sjá að það eru viðmælendur sem tengjast listalífi bæjarins og skipulagningu hátíðarinnar sem kunna hvað best að meta gjörningana en aftur á móti eru það viðmælendur sem segjast lítinn áhuga hafa á hátíðinni eða listum og menningu sem meta svona atriði lítils. Ekki skal fullyrt hér hvort menntun þessa fólks eða staða hafi mest um þessa afstöðu að segja líkt og Bourdieu heldur fram, en smekkur viðmælenda minna virðist þó ríma við þá staðhæfingu að augin þekking á menningu og listum auki skilning fólks á viðburðum sem í boði eru og geri þá þar með aðgengilegri. Hulda hefur starfað lengi í menningargeiranum og Jóna er menntuð listakona, Anna hefur engan áhuga á list og sækist ekki eftir skilningi á því sviði og Jóhanna hefur einnig lítið látið sig listina varða. Jóhanna hefur aftur á móti gaman að öllu sem viðkemur handverki og nytsamlegri sköpun. Hún hefur unnið við handavinnukennslu en nýtir jafnframt frítíma sinn í að þrjóna eða vinna úr leir og postulíni.⁷⁴ Þegar ég ræddi við Jónu um hvað það væri sem

⁷⁰ Viðtal 8b: 1 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

⁷¹ Viðtal 5: 24 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁷² Viðtal 8a: 8 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

⁷³ Viðtal 1: 4 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar) og viðtal 7: 5-6 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

⁷⁴ Viðtal 7: 6 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

hún vildi sjá á Akureyrarvöku þá vill hún sjá sýningar sem sýna eitthvað nýtt og spennandi, „eitthvað annað en eitthvað hand- og craft work [...], það er til allskonar list en það nennir enginn að koma og sjá keramikvasa endalaust. Það þarf að vera eitthvað meira spennandi en það.“⁷⁵ Þarna mætast andstæðir pólar þegar kemur að hugmyndum um hvað sé áhugavert enda bakgrunnur þessara tveggja kvenna afar ólíkur, veruhátturinn sjálfsagt annar og smekkur þeirra ólíkur.

Tónleikar í Gilinu eru einn fjölsóttasti viðburður Akureyrarvöku, og eru viðmælendur mínir almennt hrifnir af þeim þætti hátíðarinnar enda þykja þeir ákaflega aðgengilegir. Það hefur þótt einhver öruggasta leiðin til að fá fólk í miðbæinn að fá Bubba Morthens eða Hvanndalsbræður til að troða upp og hefur ekki brugðist að tónleikarnir eru fjölsóttir. Þessir stóru tónleikar á Akureyrarvöku eiga rætur sínar að rekja til ársins 2006 þegar fyrirtækið BM Vallá efndi til stórtónleika í tilefni afmælis fyrirtækisins og fékk Sinfóníuhljómsveit Norðurlands til að spila við botn Gilsins. Umgjörðin um þá tónleika var hin glæsilegasta og höfðu Akureyringar sjaldan orðið vitni að öðrum eins viðburði, enda mætingin eftir því. Ingimar vill þakka lagavali sinfóníunnar þessa góðu mætingu en boðið var upp á klassíska tónlist sem fólk almennt kannast við, enga nýklassík eða slíkt.⁷⁶ Gott aðgengi almennings að viðburðunum stuðlar þannig að aukinni aðsókn og almennri ánægju meðal fólks. Ingimar lýsir þessu svona:

Ég hugsá að það sé þessi, hvað á ég að segja án þess að hljóma ógeðslega kokkí? Svona þessi lágmenningarhluti dagskrárinnar er náttúrulega það sem dregur ofboðslegan fjölda í bæinn. Það eru annars vegar þessir tónleikar og svo náttúrulega þetta lokaatriði sem hefur verið sko glæsilegt núna síðustu ár og þú veist það er svona einhverskonar grand finale sem að náttúrulega dregur ofboðslega marga að.⁷⁷

Bennett segir tónlistarsmekk besta mælikvarðan á smekk fólks almennt,⁷⁸ og samkvæmt hans fyrri flokkunum á menningu þá má horfa á sinfóníutónleika sem

⁷⁵ Viðtal 8c: 3 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

⁷⁶ Viðtal 6b: 12 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

⁷⁷ Viðtal 6a: 2 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

⁷⁸ Bennett, *Accounting for Tastes*: 171.

hámenningarviðburð en rokktónleika sem lágmennningarviðburð. Sígild tónlist fellur þannig í flokk óaðgengilegrar menningar fyrir almenning en tónlist eins og rokk er álitid aðgengilegra, auðskiljanlegra og því mun vinsælla. Hæpið er að flokka tónleika sem haldnir eru í Gilinu sem rokktónleika, en sú tegund tónlistar sem spiluð er við þetta tækifæri er þó tónlist sem almenningur hlustar alla jafna á. Dægurlög og grín hafa verið uppistaða tónleikanna síðustu ár og því afar aðgengilegir fyrir gesti hátíðarinnar.

Forstöðumaður Akureyrarstofu, Hulda Sif, minntist einnig á hversu vel heppnað það var að sýningarnar sem voru í sýningarsölum bæjarins á Akureyrarvöku nú árið 2009, í Ketilhúsinu og Deiglunni í Gilinu, auk Listasafnsins, hefðu verið aðgengilegar. Ekki hefði verið um að ræða nýja myndlist eða skúlptúra sem fólk eigi oft erfitt með að skilja, heldur aðgengilegar ljósmyndasýningar.⁷⁹ Í Ketilhúsinu var ljósmyndasýning af innflytjendum á Norðurlöndum, á Listasafninu var einnig ljósmyndasýning þar sem sýndar voru íslenskar ljósmyndir frá árunum 1866 til 2009 og í Deiglunni var sýning byggð á lífi innflytjenda á Íslandi.⁸⁰ Hulda gat ekki trúað öðru en að þessar sýningar höfðu til þeirra sem ekki hefðu almennt áhuga á list, því þarna væri ekki eingöngu um list að ræða, heldur gæti fólk tengt sig efninu á ýmsan annan hátt ef ekki fagurfræðilegan.⁸¹ Hugsanlega hitti Hulda Sif naglann á höfuðið. Hversdagsmenningin sem birtist á ljósmyndunum á Listasafni Akureyrar ætti að höfða til flestra og sú var til dæmis raunin með Jóhönnu en henni fannst sýningin rosalega flott⁸² og sömu sögu var að segja um Ármann. Hann sagðist ekki hafa skoðað margt sem í boði var á Akureyrarvöku, en á þessa sýningu fór hann og fannst afar gaman.

Það var skemmtileg sýning þarna í Listasafninu, það var gaman að renna yfir það. [...] Við hittum þarna á einhvern fyrirlestur einhvers sem ég man ekki lengur hvað heitir, hann var þá að bera saman einhverja þrjá eða fjóra þarna [ljósmyndara], þannig að

⁷⁹ Viðtal 5: 13 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁸⁰ *Dagskrá Akureyrarvöku 2009*.

⁸¹ Viðtal 5: 14 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁸² Viðtal 7: 3 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

maður fékk svona smá nasapef af því hvernig maður ætti að líta á þetta allt saman.⁸³

Viðmælendur mínir virðast vera nokkuð sammála um að dagskrá Akureyrarvöku skipti ekki endilega öllu máli. Gunnar Már heldur því fram að fólk hugsi ekki mikið um efni dagskrárinnar og segir „[...] ég held að fólk myndi sennilegast koma þó það væri lítið sem ekkert að gerast. [Fólk] hefur gaman af að koma og ganga að því sem vísu að það er annað fólk, bara þetta að labba í gegnum bæinn og svona.“⁸⁴ Ármann kemur með þá sýn á málið að þegar hann fari á Akureyrarvöku sé hann bara almennt að njóta hátíðarinnar, ekki neyta hennar á neinn sérstakan hátt, og vill meina að dagskráin sé ekki aðalatriðið, hátíðin sé bara „kósý og ókey“ og ekkert sérstakt tilhlökkunarefni aðra daga ársins þó gaman sé að fara og vera með.⁸⁵ Jóhanna tekur undir þetta og segir að kannski snúist þetta mest um að lyfta sér upp, hún sé nú bara að reyna að skemmta sér en ekki njóta neinna sérstakra lista.⁸⁶ Gestir hátíðarinnar eru þannig ekkert endilega að sækja alla viðburði sem í boði eru heldur bara að njóta hátíðarinnar almennt. Gunnar segir frá því svona:

Ég mundi kannski segja að fólk sem að alla jafna tilheyrir þessu samfélagi [í Gilinu], það sækir náttúrulega þessa atburði í heild sinni sko, en það náttúrulega er yfirleitt ekki þannig. Ég held að fólk fari nú ekki almennt á alla viðburðina, þó það kannski reyni það þarna. [...] Annars er þetta líka einn af þessum dögum eins og hérna Þorláksmessan eða Verslunarmannahelgin, eða svona þar sem Akureyringar fara í miðbæinn og sýna sig og hitta aðra.⁸⁷

Af þessum ummælum má ljóst vera að gestir hátíðarinnar upplifa hana á misjafnan hátt og jafnvel á annan hátt en aðstandendur hátíðarinnar gera ráð fyrir. Viðburðir hitta misvel í mark og má setja það í samhengi við smekk einstaklinga og bakgrunn þeirra, sem aftur hefur áhrif á upplifun þeirra af hátíðinni. Logi kom með tillögu um hvernig mætti höfða betur til bæjarbúa þegar blásið er til lista- og menningarhátíða. Fram hefur komið að

⁸³ Viðtal 3: 7 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

⁸⁴ Viðtal 4: 5 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

⁸⁵ Viðtal 3: 3-5 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

⁸⁶ Viðtal 7: 5 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

⁸⁷ Viðtal 4: 5 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

honum finnst Akureyrarvakan leggja of mikla áherslu á hámenninguna og honum finnst að auka þurfi meiri fjölbreytni á hátíðinni. Hann segir:

Menn mættu víkka sjóndeildarhringinn aðeins og fara að átta sig á því að menning er ekki bara að fikta með hljóðfæri og pensla, menning er náttúrulega auðvitað bara í víðasta skilningi það sem við fáumst við frá degi til dags, og það getur náttúrulega verið atvinnutengdir hlutir líka, eins og tengsl okkar við sjóinn og landbúnaðinn. Ýmislegt svoleiðis mætti draga inn í þetta, matar- og menningartengda hluti.⁸⁸

Það hefur sýnt sig að dagskrá Akureyrarvöku hefur lagt áherslu á hámenningu, þó í mismiklum mæli milli ára, en á móti koma aðgengilegir viðburðir í formi skemmtiatriða eða afþreyingar fyrir alla fjölskylduna, líkt og að bjóða frítt í sund eða börnum á hestbak. Alþýðumenningin sem Logi vísar til hefur ekki orðið partur af Akureyrarvöku líkt og hann telur að myndi horfa til heilla. Þegar talað er um sjávarútveg eða landbúnað er farið út fyrir þetta lista- og menningarsvið sem fjallað hefur verið um í tengslum við Akureyrarvöku og skilgreiningar Bennett á hámenningu og alþýðumenningu. Þar er um að ræða annarskonar alþýðumenningu en þá sem tengd er afþreyingu og lögð hefur verið áhersla á. Aftur á móti gæti það samsvarað sér vel í samhengi við hugmyndir Bourdieu um aðgengi fólksins að leggja áherslu á þennan þátt menningar.

Viðmælendur mínir hafa sýnt fram á að á Akureyrarvöku er reynt að höfða til breiðari smekks fólks en annars er gert í lista- og menningarlífi bæjarins og þeir viðburðir sem eru hvað vinsælastir á Akureyrarvöku eru þeir sem fólk á auðvelt með að skilja og njóta. Matar- og starfsmenning er því eitthvað sem flestir ættu að geta samsamað sig við og höfðar því til fjölbreyttari smekks. Sú leið hefur ekki verið farin á Akureyrarvöku sem er uppskeruhátíð Listasumarsins og því listahátíð. Þegar Hulda Sif ber Akureyrarvöku saman við aðrar hátíðir á Akureyri segir hún, „Væntingarnar eru bara allt aðrar, sem kannski helst í hendur við að, ég veit það ekki, að færri skilja hana.“⁸⁹ Veruháttur almennings og smekkur liggur þannig kannski ekki á því sviði sem Akureyrarvaka leggur

⁸⁸ Viðtal 10: 4 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

⁸⁹ Viðtal 5: 26 (6. Október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

áherslu á en fólk tekur engu að síður þátt vegna þess að einnig er boðið upp á viðburði sem eru aðgengilegir öllum gestum.

4. Almenninguur – maður er manns gaman

Akureyrarvaka er lokahátíð Listasumars, hátíð sem á að sýna þá grósku sem á sér stað í lista- og menningarlífi á Akureyri og hampa þeim einkennum sem bæjaryfirvöld kjósa að leggja áherslu á. En eru það listviðburðirnir sjálfir sem laða fólk í bæinn? Þegar hefur komið fram að sú er ekki endilega raunin, en hefur þá hátíðin einhverja þýðingu fyrir bæjarbúa? Ármann segir, „Hún hefur enga kannski beint stóra þýðingu [...]. Áreiðanlega fyrir marga hverja hefur hún einhverja þýðingu, allt í góðu með það, en ég held bara að það sé stór hluti sem hún hafi litla þýðingu fyrir.“⁹⁰ Áherslur viðmælanda voru um margt ólíkar því sem aðstandendur listahátíðar eins og Akureyrarvöku leggja upp með. Samkennd var rauður þráður hjá viðmælendum mínum sem og að sækja almennt í félsgsskap annarra og skemmta sér. Hér verður nú litið á það sem viðmælendur mínir hafa að segja um þýðingu Akureyrarvöku fyrir þau, hvað það er sem einkennir hátíðina í hugum fólks og út frá því verður fjallað um ímynd hátíðarinnar og bæjarins.

Fólki finnst skemmtilegra að gera hlutina saman. Ef listrænn áhugi er ekki þeim mun meiri hjá gestum hátíðarinnar, þá snýst ferðin í bæinn um að sýna sig og sjá aðra, röltu úti og fylgjast með mannlífínu, eins og Gunnar Már segir, „aðal málið er að skapa líf á götunum.“⁹¹ Fólk lætur svo bara tilfinninguna ráða þegar list- og menningarviðburðir eru valdir. Hvað sem áætlunum yfirvalda og aðstandenda hátíðarinnar líður, þá kemur fólk í bæinn á öðrum forsendum en til þess að kynna sér listir og menningu. Anna Lóa segist þannig ekki hafa það mikinn áhuga að hún ákveði að fara sérstaklega á einhverja viðburði, hún bara mætir á staðinn og fer þangað sem aðrir fara.⁹² Fólk gerir sér grein fyrir því að það fer í bæinn til að hitta fólk og skemmta sér en ekki eingöngu til þess að upplifa listir og menningu. Þegar Ármann er spurður hvað það sé sem fái hann til að taka þátt þá nefnir hann fyrst að kannski sé það bara forvitni. Hann segir svo að raunin hafi kannski verið sú að það sé ákveðin samkennd sem fylgi því að fara á Akureyrarvöku auk þess sem það sé yfirleitt bara huggulegt að fara á tónleika eða sýningar.⁹³ Fyrir Ármanni vakir því ekki einvörðungu að hitta fólk heldur finnst honum almennt eftirsóknarvert að

⁹⁰ Viðtal 3: 3 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

⁹¹ Viðtal 4: 6 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

⁹² Viðtal 1: 4 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

⁹³ Viðtal 3: 5 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

fara á góða tónleika og hafa það huggulegt. Hann fer fyrir eigin atbeina á það sem höfðar til hans og tekur svo þátt í því sem í boði er meðfram því. Smekkurinn ræður því stundum för en ekki bara almennt framboð afþreyingar sem yfirvöld og aðstandendur hátíðarinnar bjóða upp á.

Myndlistarkonan Jóna Hlíf var sammála því að fólki ætti að gefast kostur á að berja listir og menningu augum en henni finnst einnig að hátíðin eigi að „snúast um að fólk komi saman og það sé eitthvað skemmtilegt í boði, [...] að þú getir rölt og séð fullt af menningu, séð fullt af tónlistaratriðum og fólk geti farið og fengið sér gott að borða og svo er einhver æðisleg flugeldasýning.“⁹⁴ Þrátt fyrir að vera listakona sjálf finnst henni ekki að hátíðin eigi einungis að snúast um listir og menningu, fólk eigi líka að njóta þess að hitta annað fólk og því eru fleiri sammála. Anna Lóa segir um Akureyrarvökuna; „Það er það sem að ég tengi við Akureyrarvökuna og hvað mér finnst gaman við hana, fara út og hitta fólk.“⁹⁵ Fleiri eru sammála þessum konum og leggja mikið upp úr þessum félagslega þætti. Gunnar Már segir til dæmis að almennt finnst fólki einfaldlega bara gaman að geta gengið að því vísu að hitta vini og kunningja í bænum, hitta fólk og fá sér heitt súkkulaði saman.⁹⁶

Erfitt er að skilgreina viðburðinn Akureyrarvöku sem hámenningu eða alþýðumenningu þar sem viðburðir hátíðarinnar eru svo fjölbreyttir að þeir spanna vítt menningarsvið. Dæmin sem Bennett gefur til að útskýra hvað gæti fallið í hvorn flokk fyrir sig henta svo ekki alltaf til að varpa skýru ljósi á Akureyrarvöku. En ef tekið er mið af því að hann flokkar skemmtigarða og næturklúbba sem alþýðumenningu má sjá að í þann flokk fellur aðgengileg menning sem einkennist af almennri skemmtun og samveru fólksins. Þegar horft er til hámenningarflokksins þá eru óperur og leikhúsferðir vissulega líka skemmtun en viðburðirnir sem falla undir alþýðumenningu virðast fremur einkennast af skemmtun sem felast í samskiptum við annað fólk því á næturklúbbum eða krám er ekki þessi áhersla á að neyta menningar líkt og þegar farið er á óperur eða ballettsýningar.

Fyrir bæjarbúa virðist mikilvægi þessarar hátíðar þannig helst fólgið í samfélagslega þættinum, að fara í bæinn og hitta aðra, eða eins og Jóna Hlíf segir: „Það er fullt af fólki,

⁹⁴ Viðtal 6a: 11 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

⁹⁵ Viðtal 1: 9 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

⁹⁶ Viðtal 4: 5 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

fullt af lífi, allir rosalega glaðir og allir að taka utan um hvorn annan. Sem er ótrúlega fallett sko.“⁹⁷ Hugmyndir geta verið uppi um ákveðna hræðslu í sambandi við lista- og menningarheiminn á Akureyri, en sú hugmynd kom upp í samtali við Huldu Sif. Hún gat ímyndað sér að almenningi gæti fundist sem hann væri ekki velkominn á listviðburði eða annað slíkt. Af því mætti draga þá ályktun að fólk veigraði sér við að koma vegna þess að því fyndist það ekki eiga heima á viðburðunum.⁹⁸ Jóna Hlíf og Anton ýja líka að þessu þegar þau tala um að fólk þekki ekki inn á menningarviðburði og komi saman í hópum. Jóna Hlíf segir:

Þetta er líka bara svo oft í fyrsta skiptið sem fólk er að fara á listasöfn og sjá menningu, fara á myndlistarsýningu. Það bara veit ekki, það einhvernveginn hefur kannski ekki reynsluna eða kannski bara hefur það hreinlega ekki áhuga á svona dögum. Þá fer það bara og röltir og fer inn á einn stað og annan stað, og kannski er það að sjá eitthvað í fyrsta skiptið, mér finnst það svo skemmtilegt.⁹⁹

Anton lýsir því svo fyrir mér hvernig hann upplifir komur fólks í Gilið en hann talar út frá reynslu sinni sem kaffibarþjónn á Kaffi Karólínu í Gilinu og segir fólk koma saman í hópum frekar en sem einstaklingar. Það á þó bara við „einstaklinga út í bæ“ eins og hann orðar það, ekki fólk sem heldur til í Gilinu.¹⁰⁰ Ég spurði annan viðmælanda minn, Loga, út í þetta sjónarmið, hvort hann gæti trúað því að fólki þætti meira öryggi í því að fara á list- eða menningarviðburði með öðru fólki. Hann hafði talað mikið um félagslegan þátt Akureyrarvöku og mig langaði að heyra hvort hann liti þetta öðrum augum en Hulda og Jóna sem tengjast menningarlífinu á Akureyri á allt annan hátt. Það kom líka á daginn:

[Það er] bara skemmtilegra, af því að þú veist ég meina það er náttúrulega oft sem þú kemur inn á listsýningar þar sem er örugglega bara skemmtilegra að sjá fólkið sem er að skoða heldur en myndirnar sjálfar. Ha, sko það er nú ekki alltaf að það sé þess

⁹⁷ Viðtal 8b: 3 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

⁹⁸ Viðtal 5: 14 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

⁹⁹ Viðtal 8a: 15 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

¹⁰⁰ Viðtal 2b: 4 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigriðarson (í vörslu höfundar).

virði að eyða mörgum klukkutímum í að skoða það, það er nú allur gangur á því allavegana, og ég held að það séu nú flestir sem fara á myndlistarsýningar og tónleika að þeir séu nú alveg jafn mikið komnir bara til þess að vera innan um annað fólk.¹⁰¹

Á Akureyrarvökunni koma mun fleiri gestir á listviðburðina heldur en aðra daga ársins en það eykur einnig líkurnar á því að fólk geti notið hátíðarinnar með öðrum sem deila sama smekk og þeir. Þegar fjórir gestir koma á tónleika þar sem leikin er sígild tónlist þá er líklegt að þeir fjórir hafi allir áhuga á þeirri menningu¹⁰² en þeir sem minni áhuga hafa koma ekki upp úr þurru á viðburði af því tagi, líkt og Anna Lóa hefur útskýrt. Viðburðir á Akureyrarvöku eru nógu fjölbreyttir til að höfða til fleiri hópa í samfélaginu heldur en stakur listviðburður utan þeirrar hátíðar og fólk með mismunandi smekk fær því notið hátíðarinnar saman. Kona sem leikur hafmeyju á Pollinum virðist ekki ná að höfða til jafn breiðs hóps og ljósmyndasýningin í Listasafninu sem nær til fjölbreyttari smekks. Hún er því aðgengileg mun fleirum og vegur upp á móti viðburðum sem ná til fámennari hópa. Ljósmyndir frá liðnum tímum höfða þannig jafnt til smekks sjómanns eða dagmömmu sem arkitekts eða forstöðumanns Akureyrarvöku því þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og smekk þá deila þau sameiginlegum veruhætti sem birtist í sameiginlegum rótum þeirra í íslensku samfélagi. Þegar fleiri mæta á grundvelli þessa fjölbreytta smekks skapast því þessi stemning sem almenningur sækist í, að gera eitthvað með fjöldanum og skemmta sér saman.

Bærinn okkar – Akureyrarvaka sem sameiningartákn

Akureyringar eru upp til hópa ákaflega stoltir af því að vera Akureyringar, segir Ingimar sem hefur víða komið við í athafna- og menningarlífinu á Akureyri. Hann segir hátíðina mikið sameiningartákn fyrir bæjarbúa og snúist um að fagna bænum sínum, standa saman og skemmta sér. Svo lengi sem þess er gætt að hafa einhver sérkenni bæjarins í fyrirrúmi,

¹⁰¹ Viðtal 10: 12 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

¹⁰² Þann 10. júlí 2009 kom þetta atvik upp í Ketilhúsinu á föstudagstónleikum þar sem Dúó Gríms og Hrannar fluttu nokkur sígild verk. Fjórir gestir komu á tónleikana og voru það vinir tónlistarmannanna og áhugafólk um sígilda tónlist.

þá taki Akureyringar viðburðum vel.¹⁰³ Áhugavert er að Akureyringar fóru ekki að meta hátíðina meðan hún hét Menningarnótt á Akureyri og, eins og Valdís Viðarsdóttir verkefnastjóri Menningarmiðstöðvarinnar segir, „ef þú hefur ekki heimamenn með þér, þá getur þú allt eins sleppt þessu.“¹⁰⁴ Jóhanna Sigurlaug segir líka þegar hún er innt eftir hugmyndum sínum um Akureyrarvöku: „Ég hef svo sem ekkert háar hugmyndir um hana. Fyrst fannst mér þetta vera svona eftiröpun eftir Reykvíkingum.“¹⁰⁵

Flestir viðmælendur mínir töluðu líka um Menningarnótt í Reykjavík og báru Akureyrarvöku á einhvern hátt saman við þá hátíð. Sumir töluðu um að Akureyrarvaka væri skemmtilegri viðburður því þar væri engu minna framboð af listum og menningu, en þægilega mikið af fólki og enginn troðningur.¹⁰⁶ Öðrum fannst sjálfsagt að jafn mikill áhugi væri á Akureyrarvöku og Menningarnótt í Reykjavík. Ef fólk af landsbyggðinni hefur áhuga á að fara til Reykjavíkur til að upplifa Menningarnótt, því þá ekki til Akureyrar á Akureyrarvöku?¹⁰⁷ Þegar spurt er nánar út í hvort fólk telji utanbæjarfólk mikið koma til að taka þátt í Akureyrarvöku, þá eru skoðanir skiptar og ekki allir sammála hvort hátíðin sé fyrir aðra en bæjarbúa sjálfa. En eitt eru allir sammála um en það er að Akureyrarvaka er tákn sameiningar fyrir íbúana, eins og Anton segir:

Það er eitthvað að gerast sem ýtir undir okkar stolt, að við séum að gera eitthvað. Við erum með eitthvað sem heitir Akureyrarvaka. Menningarviðburður, eitthvað sem ýtir undir menningu, list og líf á Akureyri. Ég held að það sé þetta sem er að gerast á Akureyrarvöku. Það mæta allir. Ég er búinn að síendurtaka mig en ég ætla að halda því áfram því mér finnst mikilvægt að það komi fram að þetta er eitthvað sem sameinar

¹⁰³ Viðtal 6b: 4-5 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

¹⁰⁴ Valdís Viðarsdóttir (2. október 2008). Símaviðtal höfundar við Valdísi Viðarsdóttur.

¹⁰⁵ Viðtal 7: 1 (2. desember 2009). Símaviðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

¹⁰⁶ Viðtal 8a: 11 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar); viðtal 5: 7 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar); Viðtal 2b: 2-3 (29. September 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigriðarson (í vörslu höfundar).

¹⁰⁷ Viðtal 10: 7 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

fólkið. Þetta sameinar Akureyri. Þetta sameinar þá sem yfirleitt eru stoltir Akureyringar.¹⁰⁸

Gunnar Már tekur í svipaðan streng þegar hann segir að það skipti ekki endilega öllu máli hvað um sé að vera: „þetta er svona sameiginlegt átak að einstaklingar og búðareigendur komi með eitthvað og skapi einhverskonar líf. Ég held að sú athöfn í sjálfu sér skipti mestu máli, þetta er kvöld eða dagur þar sem allir leggjast á eitt við að skapa lifandi miðbæ.“¹⁰⁹

Sameining og stolt eru sterkir undirliggjandi þættir hjá viðmælendum mínum, enda virðist stundum sem ekki sé hlaupið að því að komast í hóp Akureyringa. Þegar ég spurði Ármann hvort hann væri Akureyringur þá svaraði hann dræmt að hann kallaði sig það nú núna. Ég spurði hvaðan hann væri og svarið var að hann væri úr Kræklingahlíðinni, sem er steinsnar frá Þorpinu, en fluttist þaðan um sex ára aldurinn til Akureyrar. Hann væri því ekki Akureyringur með stóru A-i eins og hann orðaði það og vísar til „original“ Akureyringa.¹¹⁰ Gunnar Már minnst líka á að aðfluttu fólki finnst bærinn ekki vera sérstaklega lifandi, en það sé vegna þess að það hefur þá ekki komist inn í samfélagið. Til að komast inn í samfélagið þarf svo að sýna virkni og áhuga á bæjarlífinu.¹¹¹ Yfirvöld og almenningur móta hugmyndir um hverjir tilheyri samfélaginu á ýmsum forsendum og á hátíðum sem haldnar eru innan hvers samfélags er oft mikið lagt upp úr þessum einkennum.¹¹² Hjá Ármanni og Gunnari má sjá að ekki er sjálfgefið að finnast maður partur af samfélaginu, en aftur á móti má einnig líta til upplifunar Önnu Lóu, Antons og Jónu sem öll eru aðflutt en tala samt um sig sem Akureyringa og Anton og Jóna leggja mikið upp úr samkennd og samstöðu á Akureyrarvöku.

Þrátt fyrir að fólk hafi ekki sjálft áhuga á að taka þátt í lista- og menningarlífinu á Akureyri, þá virðist vera almennur vilji til að listir og menning einkenni Akureyri umfram annað. Hátíðin er sameiningartákn bæjarbúa og flestir virðast vera ánægðir með hana, hvort sem hún stendur þeim nærri hjarta eður ei. „Akureyringar þurfa svolítið, þú veist,

¹⁰⁸ Viðtal 2b: 7 (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurð Sigríðarson (í vörslu höfundar).

¹⁰⁹ Viðtal 4: 6 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

¹¹⁰ Viðtal 3: 3 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

¹¹¹ Viðtal 4: 2 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

¹¹² Bennett, *Cultural Policy*: 16.

þeir þurfa að láta strjúka svolítið egóið sitt,¹¹³ segir Ingimar og með Akureyrarvöku virðast Akureyringar vera að því, að gera sérstaklega út á það að sýna sig á einhvern ákveðinn hátt. Hátíðin ýtir þannig undir þau einkenni sem bærinn kys sér og bæjarbúar taka þarna þátt í því að halda þeim á lofti. Menningarstefna bæjarstjórnarinnar frá árinu 2005 leggur áherslu á góða ímynd bæjarins og að hlúa að menningarstarfsemi. Eins og fram hefur komið tekur fólk þátt í Akureyrarvöku á misjöfnum forsendum og ekki endilega þeim sem yfirvöld hafa í huga út frá markmiðum sínum í menningarmálum. Akureyringar sameinast þó um að halda Akureyrarvökunni við með því að mæta á þessa lista- og menningarviðburði í bland við fjölbreytta skemmtun.

Nú er hægt að draga upp grímuna hans Žižek og varpað ljósi á það sem fram hefur komið hjá viðmælendum mínum. Með Akureyrarvöku er dregin upp ímynd af menningarbænum Akureyri, þar sem listir og menning blómstra. Bæjarbúar njóta þess sem yfirvöld hafa skipulagt af „menningartilboðum“ fyrir almenning og farvegur hefur verið skapaður til að auka „þroskakosti“ bæjarbúa.¹¹⁴ Akureyringar eru stoltir af bænum sínum og þegar leggja á áherslu á einkenni sem yfirvöld vilja koma á framfæri sem eftirsóknarverðri ímynd og vera „fyrirmynd annarra sveitafélaga á Íslandi“ þá er dregið fram það sem bærinn hefur upp á að bjóða á sviðum lista og menningar. Í gegnum menningu og listir þá sameinast bæjarbúar um þá grímu sem yfirvöld setja upp með Akureyrarvöku. Viðmælendur mínir hafa dregið upp þá mynd að dagskráin sem slík skipti ekki máli, fólk mæti í bæinn til að hitta annað fólk og lyfta sér upp. Dagskráin gerir daginn skemmtilegri en ánægja almennings byggist ekki alfarið á dagskrárliðum. Fólk hefur samt sameinast um að mæta á lista- og menningarhátíðina Akureyrarvöku og um leið sameinast bæjarbúar um að halda uppi ákveðinni ímynd, þrátt fyrir að hún rími ekki við daglegan veruleika utan hátíðarinnar. Þegar Akureyrarvöku lýkur þá breytist allt aftur til fyrra horfs. Listasumrinu er lokið og veturinn tekur við. Gunnar Már talar um þessi þáttaskil og hve ólík menningarstarfsemin er eftir Akureyrarvökuna:

Hún markar ákveðin þáttaskil milli sumarstarfsins og vetrarstarfsins, þetta er svolítið ólík menningarstarfsemi sem á sér stað á þessum árstíðum. Á sumrin þá er hún opnari, ekki eins

¹¹³ Viðtal 6b: 5 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

¹¹⁴ *Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar*.

mikið grasrótastarf [og á veturnar], hún [Akureyrarvakan] er vel auglýst og héra fólki er kannski betur með á nótunum, svona almenningur.¹¹⁵

Lista- og menningarstarfsemin í bænum er því ólík á sumrin og veturnar og á Akureyrarvöku er áhersla lögð á að fá sem flesta til að taka þátt. Gríman eða ímyndin er því mótuð af yfirvöldum og aðstandendum Akureyrarvöku og bæjarbúar bera svo grímuna á hátíðinni, en á eigin forsendum.¹¹⁶ Þegar hátíðinni er lokið og yfirvöld hafa gert menninguna sem aðgengilegasta fyrir almenning þá hefst aftur venjubundið líf í Gilinu og gestum viðburða fækkar aftur. Þegar lista og menningarlífið hverfur inn í grasrótina þá minnkar um leið aðsókn almennings enda eru þá viðburðirnir ekki eins fjölbreyttir og á listahátíðinni Akureyrarvöku þar sem mannfjöldinn heldur uppi stemningunni.¹¹⁷

Skömminni skárri en Versló

Akureyrarvaka virðist af öllu að dæma vera hátíð sem Akureyringar kunna að meta og ekki síst til að koma saman og skemmta sér. Um leið stendur Akureyrarvakan fyrir þau gildi sem yfirvöld vilja að einkenni samfélagið og almenningur tekur þátt í að styrkja þau gildi á þessari hátíð. Ástæðurnar fyrir þátttöku almennings eru einkum að það er gaman að hitta fólk og lyfta sér upp og að hátíðin er falleg gríma fyrir Akureyri. En hvort sem viðmælendum mínum þótti hátíðin yndisleg eða einungis ágæt afþreying, þá báru flestir hátíðina saman við aðra hátíð sem haldin er á Akureyri í ágúst, Eina með öllu og allt undir, sem fram fer um Verslunarmannahelgina.

Akureyringar koma í bæinn á Akureyrarvöku, listunnendur sem aðrir, og hefur hátíðin vaxið og dafnað undanfárin ár sem sýnir að bæjarbúar kunna að meta þessa hátíð og það er grundvöllur fyrir því að halda hátíðina. Annað hefur verið uppi á teningnum þegar kemur að hátíðarhöldum sem tengjast Verslunarmannahelginni, og hefur stundum gengið mikið á í sambandi við hana. Þó ég hafi ekki spurt viðmælendur mína sérstaklega um

¹¹⁵ Viðtal 4: 3 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

¹¹⁶ Žižek, *For They Know Not What They Do*: 247.

¹¹⁷ Sbr. Linda María Ásgeirsdóttir, *Menningarmiðstöðin í Listagili yfirsýn yfir viðburði og gestaþjólda 2008*.

Verslunarmannahelgina eða hvað þeim þætti um þá hátíð, nema þeir gæfu sérstakt tilefni til þess, þá nefndu margir hana að fyrri bragði og báru saman við Akureyrarvökuna. Því ætla ég að gera stutta grein fyrir Verslunarmannahelgarhátíðum á Akureyri og skoða svo ummæli viðmælenda minna um Akureyrarvökuna sem andstæðu við Verslunarmannahelgina.

Þegar hátíðarhöldin um Verslunarmannahelgina voru hvað umfangsmest þá átti sér stað mikil umræða á Akureyri um hvort þetta væri hátíð sem bærinn vildi vera þekktur fyrir. Í fréttum *Morgunblaðsins* árið 1998 má sjá að umfjöllun um hátíðina snerist að mestu leyti um þann mikla viðbúnað sem var af hálfu yfirvalda til að tryggja að allt færi vel fram. Áhyggjur af unglingsdrykkju, aðstöðuleysi fyrir gesti hátíðarinnar og þeim vandræðum sem geta fylgt miklum fjölda fólks var það helsta sem heyrðist í umræðunni.¹¹⁸ Fjöldi ungs fólks þótti eflaust gaman á þessari hátíð. Í áhugaverðri grein frá árinu 2003 á vefsvæði *Huga.is*, skrifar að því er virðist ung kona umfjöllun um hátíðina Halló Akureyri. Hún ræðir um hversu skemmtileg hátíðin hafi verið árin 1998 og 1999, en að eftir það hafi bæjaryfirvöld talið nóg komið og lagt hátíðina niður. Höfundur greinarinnar þótti ekki mikið til hátíðarinnar Einnar með öllu koma og hvetur til þess að aftur verði snúið til útihátíðarinnar Halló Akureyri. Umfjöllunin dregur þó ekki fjöður yfir ástandið sem ríkti á Halló Akureyri á þessum árum, en höfundur lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna:

Vissulega voru fíkniefnamál, nauðganir og fólk dautt út um allt en er það ekki eins og gerist á flestum þessum stóru útihátíðum? Vil ég taka það fram að auðvitað er ég á móti dópi og nauðgunum en svona er heimurinn bara. Það dugar ekkert að hætta að bara við eina útihátíð.¹¹⁹

Ekki kemur fram hvaðan greinarhöfundur er né hve gömul, en áhugavert svar barst við þessari grein, þar sem segir; „Ekki segja mér að þú hafir djammað villt, varstu ekki 13 ? [...] jú það var mjög gaman, skilst bara að íbúar AK hafi fengið nóg þegar það var t.d skitið innum lúgurnar á nokkrum húsum og annað slíkt.“¹²⁰ Skiptar skoðanir eru því um

¹¹⁸ Björn Gíslason, Viðbúnaður vegna hátíðarinnar Halló Akureyri: 12.

¹¹⁹ Ragga86, *Halló Akureyri* / <http://www.hugi.is/djammid>.

¹²⁰ Ragga86, *Halló Akureyri* / <http://www.hugi.is/djammid>.

hátíð af þessu tagi og ræður þar sjálfsagt miklu aldur gesta og búseta. Kannski voru bæjarbúar búnir að fá nóg. Jónu Hlíf finnst til að mynda að Akureyrarvaka eigi einungis að einbeita sér að Akureyringum og ekki skuli reynt að draga mikinn fjölda á hátíðina. Hún nefnir að um Verslunarmannahelgina sé fjöldi fólks sem fari úr bænum vegna þeirrar hátíðar, mannfjöldinn og lætin eigi ekki við alla og þá sé gott að hafa Akureyrarvöku fyrir bæjarbúa sjálfa.¹²¹ Til að gera grein fyrir afstöðu sinni til Akureyrarvöku þá segir Ármann:

Ég lít nú jákvæðari augum á þessa hátíð heldur en eitthvað Halló Akureyrar dæmi sko. [...] Ég meina Verslunarmannahelgarhátíðir sem hafa verið hér í bæ, það hefur nú ekki verið mikið fyrir minn smekk sko, [...] Vísu er ég kannski ekki með réttan smekk, ég er kannski ekki í réttum markhópi sem Verslunarmannahelgin er að höfða til.¹²²

Akureyrarvaka er því skárri en Halló Akureyri og huggulegri fyrir hans smekk. Logi miðar líka Akureyrarvökuna við Halló Akureyri, en hann tengir ekki skemmtanalíf við Akureyrarvöku, í það minnst ekki í sama mæli og við Verslunarmannahelgina.¹²³

Árið 2007 einkenndist dagskráin af fjölskylduskemmtun en fjöldi listviðburða var þá hlutfallslega ekki stór. Það kemur fram hjá viðmælendum mínum að það er ekki dagskráin sem skiptir máli en einnig má lesa dagbókarfærslu á veraldarvefnum þar sem einn gestur Akureyrarvökkunnar, Jóhann Þorsteinsson, lýsir skoðun sinni á hátíðinni:

Ég tók þátt í ýmsum dagskrárliðum um helgina sem tengdust Akureyrarvöku og þar sem ég stóð á Ráðhústorgi í gærkvöldi og horfði á glæsilega flugeldasýningu sannfærðist ég um að þarna er komin hátíðin sem við Akureyringar eigum að standa bakvið. Við eigum að hætta að reyna að skapa fjölskyldustemmningu á helstu

¹²¹ Viðtal 8a: 12 og 15 (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar).

¹²² Viðtal 3: 4-5 (2. desember 2009). Viðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

¹²³ Viðtal 10: 5 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar).

fyllirishelgi ársins, verslunarmannahelginni og byggja utanum Akureyrarvöku síðustu helgina í ágúst.¹²⁴

Líkt og viðmælendur mínir tekur Jóhann þann pól í hæðina að Akureyrarvaka sé hátíð sem falli betur að hans smekk heldur en sú hátíð sem haldin hefur verið um Verslunarmannahelgina. Lætin og ágangur aðkomufólks er of mikill fyrir smekk Jónu, og Ármann segist ekki vera með smekk fyrir Verslunarmannahelginni, enda kannski ekki í réttum markhóp – og má þá ætla að verið sé að höfða til smekks annars hóps en á Akureyrarvöku. Listakona og sjómaður sem annars eru með ólíkan smekk geta því verið sammála um að Akureyrarvaka höfði betur til þeirra en Verslunarmannahelgin. Þegar Halló Akureyri fór að hafa skaðleg áhrif á ímynd bæjarins þá var hátíðin lögð niður, en ímynd Akureyrarvöku virðist vera nógu góð til að Akureyringar taki þátt í hátíðinni, þrátt fyrir að það séu ekki viðburðirnir sjálfir sem draga fólk á hátíðina.

Tony Bennett heldur því fram í grein sinni „Cultural Policy,“ þar sem hann fjallar um menningu og stjórnun, að með hátíðum sé hvert samfélag að gefa ákveðna mynd af sjálfu sér. Hátíðirnar eru tákmyndir þess sem samfélagið vill standa fyrir og af þeim má læra marga um hvernig samfélagið er saman sett, hvernig samfélag yfirvöld vilja skapa, og þá einnig í hvernig samfélagi íbúarnir vilja búa.¹²⁵ Ef hátíðin nýtur hylli í samfélaginu þá eru íbúarnir tilbúnir til að samþykkja að hátíðin endurspegli það sem þeir vilja standa fyrir, en ef hátíðin höfðar ekki til íbúanna, eða er haldin í þeirra óþökk, þá er hátíðin að draga upp einhverja mynd sem íbúarnir kæra sig ekki um. Örlög Halló Akureyri og þróun Akureyrarvöku eru þannig góð dæmi um þessa sjálfsmyndarsköpun.

Margir viðmælenda minna höfðu orð á því að þetta árið hefði Akureyrarvakan ekki verið alveg jafn skemmtileg og áður. Meðal annars talaði Hulda Sif um að Akureyrarvakan hefði jafnvel liðið fyrir vel heppnaða Verslunarmannahelgi, en hún kemur einnig að undirbúningi þeirrar hátíðar. Þegar hún reynir að benda á hvað hafi ollið þessari lægð þetta árið segir hún:

En það getur vel verið að í ár hafi það verið hreinlega ástandið í samfélaginu sko. En það er reyndar líka annar mögulegur

¹²⁴ Jóhann Þorsteinsson. Akureyrarvaka í stað “Einnar með öllu.”

¹²⁵ Bennett, Cultural Policy: 16.

orsakavaldur, en það er Verslunarmannahelgin. Það var náttúrulega algjör kúvending í fyrra og mikið púður var lagt í að breyta henni, og það tókst.¹²⁶

Akureyrarbær hefur markvisst breytt hátíðinni Einni með öllu sem tók við af Halló Akureyri. Sú hátíð náði áður lítið til bæjarbúa á meðan Akureyrarvaka stækkaði og dafnaði. Nú gæti verið að koma upp sú staða, ef marka má Huldu Sif, að með aukinni velgengni hátíðar um Verslunarmannahelgi falli Akureyrarvakan í skuggann. Hvernig sem það fer þá styður uppgangur hátíðarinnar Einnar með öllu við það sjónarmið að almenningur á Akureyri sé tilbúinn að standa að hátíðum sem draga upp góða ímynd af bænum og auka stolt þeirra af sínu bæjarfélagi. Ingimar dregur upp góða mynd af þessari tilhneigingu Akureyringa til að hampa bænum sínum, en hann vann við hátíðina „Eina með öllu og allt undir“ árið 2008. Hann segir Akureyrarvöku höfða til fólks á sama hátt og Ein með öllu geri nú þegar „og allt undir“ hefur verið skeytt aftan við heiti hennar. „Ein með öllu og allt undir“ vísar í matarvenjur Akureyringa, pylsur með öllu meðlæti undir pylsunni en sú staðsetning þykir víst einkenna Akureyri umfram önnur svæði. Skipuleggjendur hátíðarinnar hafa einbeitt sér að því að höfða til samkenndar Akureyringa og árið 2008 var mikið lagt upp úr því. Haldnir voru tónleikar sem fluttu einungis lög eftir Akureyringa eða um Akureyri. Í Minjasafninu var boðið upp á pylsur með rauðkáli, sem einnig er víst sérstaklega akureyrskt, og svo gosdrykkinn Vallas sem framleiddur var á Akureyri á árum áður. Gestum hátíðarinnar var sama þó gosdrykkurinn væri í raun Fanta í öðrum umbúðum, svo lengi sem það minnti þá á akureyrska framleiðslu. Til að sýna enn frekari samstöðu um bæjarstoltið var boðið upp á námskeið í akureyrskum framburði í miðbænum. Þetta sló í gegn og nú virðast hátíðarhöld um Verslunarmannahelgi aftur geta náð sér á strik, úr því að skipuleggjendur eru komnir í takt við bæjarbúa.¹²⁷

Akureyringar eru þannig fúsir að taka þátt í að styrkja ímynd sína. Að koma í bæinn og leggja áherslu á akureyrskan uppruna og allt sem akureyrskt er styrkir þau einkenni sem íbúar bæjarins leggja upp með og vilja sýna út á við. Akureyrarvaka hefur verið vel sótt af bæjarbúum sem eru tilbúnir til að leggja rækt við þau gildi sem hátíðin leggur áherslu á.

¹²⁶ Viðtal 5: 8 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

¹²⁷ Viðtal 6b: 4-5 (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

Þótt Akureyrarvakan sé af hálfu yfirvalda leið að því markmiði að bjóða gott aðgengi að menningartilboðum og þroskakostum fyrir bæjarbúa, þá taka gestir hátíðarinnar oftar en ekki þátt á öðrum forsendum en yfirvöld leggja upp með. Ímyndin og félagslífið ráða frekar för en eiginlegur listrænn áhugi og því höfða viðburðir með sérstaka akureyraska áherslu vel til fólks.

5. Lokaorð

Þegar lagt var upp með rannsókn á Akureyrarvöku þá var hátíðin sjálf nokkuð skýr í mínum huga þar sem ég þekkti til hennar í gegnum leik og starf. Sjónarmið vina og kunningja úr ýmsum hópum samfélagsins vöktu áhuga minn og ekki dró úr honum þegar ég fór að kynna mér hugmyndir um þá krafta í samfélaginu sem leitast við að leiðbeina öðrum og hvernig fólk er stöðugt að reyna að skilgreina sjálf sig, fólk í kringum sig og samfélagið í heild sinni.

Akureyrarvaka, hátíð lista og menningar, er árvisst tilhlökkunarefni þeirra sem að henni standa. Bæjaryfirvöld styðja þarna við bakið á lista- og menningargeiranum og í sameiningu er sköpuð hátíð sem tjaldar til allri þeirri flóru lista sem aðstandendur hátíðarinnar vilja sýna bæjarbúum. Til að auka enn á skemmtun almennings er svo boðið upp á annarskonar viðburði sem eiga að höfða til sem flestra og tryggja að allir gestir hátíðarinnar hafi gaman að. Bæjaryfirvöld vilja vinna markvisst að því að Akureyri geti orðið fyrirmynd annarra bæjarfélaga á sviðum lista og menningar og á Akureyrarvöku tekur stór hluti bæjarbúa þátt í því að skapa hátíð saman sem ýtir undir góða ímynd bæjarins. Akureyrarvaka er sá dagur ársins sem Akureyringar kjósa að njóta lista og menningar, enda er hvergi nærri eins mikil aðsókn aðra daga ársins á viðburði af því tagi sem Akureyrarvaka leggur áherslu á. Akureyrarvaka leiðir þannig saman listaspírurnar og Jón og Gunnu, þessa andstæðu samfélagshópa sem viðmælendum mínum varð tíðrætt um.

Þegar ég fór að leita svara við því hvað fengi fólk til að taka þátt í Akureyrarvöku þá gáfu viðmælendur mínir mér innsýn í hátíð sem virkaði á tvo vegu eftir því hvernig litið var á hana. Akureyrarvaka er uppskeruhátíð Listasumars með fjölda viðburða sem eru misjafnlega vel sóttir af bæjarbúum. Ef áhugi á listum og menningu er ekki það mikill að fólk leggi leið sína í söfn og gallerí einu sinni eða oftár í mánuði þá nýtir það sér Akureyrarvökuna til að lyfta sér upp og mæta á nokkra list- og menningarviðburði.

Ég hef notað kenningar Tony Bennett til að varpa ljósi á Akureyrarvökuna en hann kemst að því í sinni rannsókn að tengsl eru á milli smekks og menntunar. Einnig notaði ég kenningu Pierre Bourdieu um veruháttinn þegar ég tengdi upplifun fólks á Akureyrarvöku við bakgrunn þeirra. Ritgerðin nálgadist viðfangsefnið á tvo vegu, út frá sjónarhóli yfirvalda og elítunnar og svo út frá sjónarhóli almennings. Með þessari skiptingu kynnti

ég til sögunnar hugmyndir um tengsl þekkingar og valds og hvernig þeir sem búa yfir þekkingu reyna að hafa áhrif á aðra í samfélaginu. Alltaf eru einhverjir sem telja sig þess umkomna að dæma hvað sé ákjósanlegt að leggja rækt við í samfélaginu. Ákveðin umgjörð er þannig sköpuð af ráðandi öflum í samfélaginu þar sem áhersla er lögð á eftirsóknarverða menningu. Fólki er svo í sjálfsvald sett hvort það tekur þátt í þeirri menningu sem yfirvöld leggja rækt við.

Þekking og vald tengjast í gegnum hópinn sem ég kaus að fjalla um sem elítu en á Akureyrarvöku er yfirvaldið og þeir sem standa að skipulagningu hátíðarinnar að stjórna þeirri list og menningu sem almenningi er boðið upp á. Bæjaryfirvöld hafa ákveðnar hugmyndir um lista- og menningarstarfsemi á Akureyri og Akureyrarvaka er einn liður í því að bjóða bæjarbúum upp á listir og menningu og skapa bæjarfélaginu ákveðna ímynd. Akureyrarvaka er þannig nokkurskonar gríma sem yfirvöld skapa og þátttakendur hátíðarinnar sameinast um að bera á meðan á hátíðinni stendur. Gríman er því líking fyrir þá menningu sem talin er skapa góða ímynd fyrir bæinn og bæjarbúa.

Viðburðir hátíðarinnar eru af ýmsum toga, bæði þeir sem kalla má hámenningu en einnig viðburðir sem eiga að lýsa andstæðu þeirra viðburða, lágmenningu. Hámenning og lágmenningu eru orð sem voru þó ekki mikið notuð í þessari ritgerð. Bennett skilgreinir ákveðinn smekk og afþreyingu ýmist sem hámenningu eða alþýðumenningu en Bourdieu talar um hámenningu sem óaðgengilega menningu fyrir almenning þar sem hún krefst skilnings og þekkingar umfram það sem almenningur býr yfir. Þannig byggjast skilgreiningarnar á ákveðnum smekk og aðgengi að vissum sviðum lista og menningar en smekkurinn mótast út frá menntun og veruhætti. Þeir tala því sjálfir ekki mikið um lágmenningu þó hámenning sé hugtak sem þeir nota. Viðmælendur mínir voru á sömu línu en þeir töluðu um finmenningu og listaspírur sem einkenni þessarar hámenningar, en alþýðumenningin eða lágmenningin var ekki skilgreind nema þá að því leyti að talað var um hóp sem gekk undir heitinu Jón og Gunna, sem sóttu viðburði á Akureyrarvöku sem þau almennt gera ekki, uppákomurnar í sparikantinum. Ég skilgreindi ekki viðmælendur mína út frá stöðu þeirra eða smekk en þeir sjálfir gerðu mér grein fyrir afstöðu sinni gagnvart fólki og menningu. Í viðtölunum var tilhneiging viðmælenda minna sú að tala frekar um annað fólk og skilgreina það, heldur en tala um sinn eigin smekk eða hugmyndir. Þeir sem töluðu um listaspírur voru þeir sem féllu tæplega í þann hóp sjálfir

en þeir sem hugsanlega gátu fallið í þann hóp töluðu um Jón og Gunnu sem tækju einna helst þátt í listum og menningu á Akureyrarvöku.

Aðgengi að menningarviðburðum hafði mikið að segja um aðsókn almennings. Bourdieu segir að viðburðir sem eru auðskiljanlegir höfði til breiðari smekks fólks en þeir viðburðir sem krefjast dýpri skilnings á menningu eða listum. Sá skilningur fæst með aukinni menntun eða smekk sem þróast út frá ákveðnum veruhætti fólks. Þeir viðburðir sem höfða hvað mest til gesta Akureyrarvöku eru þeir sem mætti kalla alþýðumenningu, til dæmis stórtónleikar og ljósmyndasýningar, flugeldasýningar og önnur skemmtiatriði. Á Akureyrarvöku er því reynt að hafa viðburði sem höfða til sem flestra og fá þar af leiðandi fleiri til að koma á hátíðina.

Með því að reyna að fá sem flesta í bæinn og njóta lista og menningar skapast þær aðstæður sem flestir virðast sækjast eftir. Þrátt fyrir allt framboðið af list- og menningarviðburðum á Akureyrarvöku þá er það aðallega félagsskapur og upplýfting frá hversdagsleikanum sem fólk sækist eftir. Viðburðirnir sem slíkir skipta þannig ekki öllu máli heldur er fólk að sýna sig og sjá aðra, rölta um bæinn og njóta þess sem um er að vera á þeim forsendum að taka þátt í samfélagslegum viðburði sem ýtir undir samkennd bæjarbúa. Akureyringar eru stoltir af sínu bæjarfélagi og listahátíðin Akureyrarvaka býður upp á viðburði sem bæjarbúar eru tilbúnir til að taka þátt í á þessari hátíð þó þeir sæki slíka viðburði ekki að staðaldri. Ímyndin sem yfirvöld vilja skapa bænum sem leiðandi afli á sviðum lista og menningar fellur þannig í góðan jarðveg þegar viðburðir af fjölbreyttum toga eru í boði á þessari árvissu hátíð. Akureyrarvaka verður sameiningartákn, hátíð hinna fínu lista en einnig hátíð þar sem allir leggjast á eitt við að skapa bænum góða ímynd.

Viðmælendur mínir báru Akureyrarvökuna oft saman við hátíðir sem eiga sér stað um Verslunarmannahelgina á Akureyri. Meðan Akureyrarvakan leggur áherslu á list- og menningarviðburði hafa hátíðirnar um Verslunarmannahelgar einkennst þeim mun frekar af miklu skemmtanahaldi í bænum. Þegar skemmtunin þótti fara úr böndunum um Verslunarmannahelgar þá féll hátíð eins og Akureyrarvakan betur í kramið hjá þeim sem ég ræddi við. Kostir Akureyrarvöku voru þá meiri rólegheit, minni fólksfjöldi og sú áhersla sem lögð er á góða ímynd bæjarins. Hátíðin um Verslunarmannahelgina fór þó að höfða til Akureyringa í auknum mæli þegar byrjað var að breyta ímynd hátíðarinnar með

markvissum hætti og leggja áherslu á einkenni Akureyrar og þess sem akureyrskt er. Akureyringum finnst þannig sannarlega gott að láta strjúka egóið sitt og kjósa viðburði sem draga upp góða ímynd af bænum og ýta undir samkennd í samfélaginu.

Ég spyr að því í upphafi þessarar ritgerðar hvað það er sem fær fólk til að koma á Akureyrarvöku umfram aðra list- og menningarviðburði í bænum? Bæjaryfirvöld gera sitt besta til að bjóða bæjarbúum upp á menningarviðburði og auka við þroskakosti bæjarbúa allt árið um kring en þátttaka almennings er sjaldan jafn mikil og á Akureyrarvöku. Smekkur fólks fyrir því sem boðið er upp á er afar misjafn enda bakgrunnur fólks og áhugasvið fjölbreytt. Af orðum viðmælenda minna má greina að upplifun þeirra og sýn á Akureyrarvökuna mótast að vissu leyti af aðkomu þeirra að hátíðinni og hversu mikið áhugi þeirra fellur að því sem í boði er á Akureyrarvöku. Þeir sem nær hátíðinni standa og hafa á einhvern hátt tekið beinan þátt í viðburðum Akureyrarvökunnar í gegnum árin horfa á hátíðina öðrum augum en þeir sem koma á hátíðina án frekari tengsla, fyrir utan að vera þátttakendur í menningarlífínu í bænum. Þeir sem hafa komið að hátíðinni tala um að annað fólk, almennigur eða Jón og Gunna, komi einna helst á list- og menningarviðburði á Akureyrarvöku og velta upp ýmsum hugmyndum um aðkomu almennings. Þeir sem ekki hafa komið að hátíðinni eða sækja lista- og menningarlíf bæjarins að staðaldri segjast helst sækja viðburðina með það í huga að hitta annað fólk og gera sér glaðan dag. Hvernig sem aðkoma fólks er að hátíðinni minnst samt flestir á einn eða annan hátt á að hátíðin snúist að miklu leyti um félagslegu hlið Akureyrarvökunnar. Það sem ekki er þó sagt berum orðum um Akureyrarvökuna dregur líka upp ákveðna mynd af hátíðinni. Fólk segir ekki alltaf hvað þeim líkar beint við hátíðina, en hún hefur samt einhverja ímynd sem aðrar hátíðir hafa ekki og bæjarbúar eru tilbúnir að taka þátt í þessum viðburði á sínum forsendum. Ímyndarsköpun og samkennd bæjarbúa virðist þannig gegna stóru hlutverki í þátttöku almennings.

Fólk kemur á Akureyrarvöku því á þeirri hátíð sameinast allir um að halda ákveðinni ímynd bæjarins á lofti og yfirvöld koma til móts við fólkið með því að bjóða upp á fjölbreytta skemmtun sem höfðar til breiðs smekks fólks. Þetta er lista- og menningarhátíð en það eru ekki hinir eiginlegu list- og menningarviðburðir sem eru aðdráttarafl hátíðarinnar, heldur samhyggðin sem birtist hjá bæjarbúum um að halda bæjarhátíð undir þessum ákveðnu formerkjum. Þetta eru einkenni sem bæjarbúar eru tilbúnir til að ýta undir og í gegnum þessa hátíð er hægt að halda þeim á lofti þó þess gerist ekki endilega

þörf alla aðra daga. Fólk kemur til að sjá eitthvað nýtt í samfélagi við annað fólk því það er meiri gleði fólgin í því að njóta lista og menningar saman sem heild og geta þá um leið skapað hátíð sem ýtir undir þau einkenni sem Akureyringar vilja halda á lofti.

Það er flókið samspil ýmissa þátta sem á sér stað þegar lista- og menningarhátíð er haldin. Hámenningin sem áhersla er lögð á er eitthvað sem fólk sækir oft ekki svo mikið í hversdagslega þó vissulega sé allur gangur á því, allt eftir smekk hvers og eins. Á Akureyri er erfitt að skipta samfélaginu í sérstaka hópa eftir stétt eða stöðu, fólk gerir almennt bara það sem hugur þess býður. Engu að síður má sjá ákveðið munstur á Akureyrarvökunni sem fellur að öðrum rannsóknum á menningu og kenningum um tengsl þekkingar og valds, elítu og almúga. Ég hef reynt að draga upp skýra mynd af Akureyrarvökunni, hvað það er sem fái fólk til að taka þátt og hvernig fólk upplifi hátíðina. Margt kom fram við vinnslu þessarar ritgerðar sem áhugavert hefði verið að fjalla um og oft vöknudu upp fleiri spurningar en fært var að svara í þessari rannsókn. Fólk hefur margt að segja þegar spurt er um skoðanir hvers og eins á hátíð eins og Akureyrarvöku, enda snertir svona hátíð fjölmörg áhugaverð svið samfélagsins. Þegar allt kemur til alls þá er það smekkurinn sem öllu stjórnar, en út frá honum vakna áhugaverðar spurningar um hópa og ímyndir og hvernig við erum alltaf að flokka okkur og aðra. Menning sem er eitthvað annað en menning almennings er kannski viðkvæmt efni, því hver er almenningur og hver ekki? Hver getur sagt að hann sé ekki Jón eða Gunna? Ég setti fram álíka spurningar í upphafi þessarar ritgerðar. Ég er líka alltaf með þær í huga og mun sjálfsagt seint fá fullnægjandi svar við þeim. Ég tel mig þó hafa komist nær því að svara spurningu minni um hvað það sé sem fái fólk til að taka þátt í Akureyrarvökunni. Svörin sem ég fékk í hendur voru ekki endilega þau sem ég hafði reiknað með en það kom mér á óvart hvað samkenndin og félagsskapurinn var afgerandi aðdráttarafl hátíðarinnar. Listin og menningin þjóna sínum tilgangi sem falleg gríma og ákjósanleg einkenni bæjarins sem fólk er tilbúið að gangast undir en þegar allt kemur til alls þá er það upplyfingin og félagsskapurinn sem fólk leitar í.

Prentaðar heimildir

- Abrahams, Roger D. Identity (198-222). Í *Eight Words for the Study of Expressive Culture*. Ritstjóri Burt Feintuch. Urbana og Chicago: University of Illinois Press, 2003.
- Bakhtin, Mikhail. *Rabelais and his World*. Þýðandi Hélène Iswolsky. Bloomington: Indiana University Press, 1984.
- Bennett, Tony. *Culture: A Reformer's Science*. London: SAGE Publications, 1998.
- *Accounting for Tastes: Australian Everyday Cultures*. Cambridge: Cambridge University Press, 1999.
- Cultural Policy: Issues of Culture and Governance (13-28), Í *Culture, Society and Market: The Swedish Research Seminar held at Sigtuna, January 24.-25. 2000*. Ritstjóri Folke Snickars. Trelleborg: Riksbankens Jubileumsfond, 2001.
- Björn Gíslason. Viðbúnaður vegna hátíðarinnar Halló Akureyri. *Morgunblaðið*, 24. júlí 1998: 12.
- Bourdieu, Pierre. *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*. Þýðandi Richard Nice. Cambridge: Harvard University Press, 1984.
- Artistic Taste and Cultural Capital (205-215). Í *Culture and Society: Contemporary Debates*. Ritstjórar Jeffrey C. Alexander og Steven Seidman. Cambridge: Cambridge University Press, 1990.
- *Almenningsálitid er ekki til*. Ritstjóri Davíð Kristinsson. Þýðendur Björn Þorsteinsson, Egill Arnarson og Gunnar Harðarson. Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían, 2007.
- Davíð Kristinsson. Inngangur (7-31). Í *Almenningsálitid er ekki til*, höfundur Pierre Bourdieu. Ritstjóri Davíð Kristinsson. Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían, 2007.
- De Certeau, Michel. *Culture in the Plural*. Ritstjóri Luce Giard. Þýðandi Tom Conley. London og Minneapolis: University of Minnesota Press, 1997 (upphaflega gefið út 1974).
- Dundes, Alan. *The Study of Folklore*. Engelwood Cliffs, N.J.: Prentice-Hall, 1965.
- Foucault, Michel. *Power*. Ritstjóri James D. Faubion. Þýðandi Robert Hurley og fleiri. New York: The New Press, 2000.
- Gramsci, Antonio. *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*. Ritstjórar og þýðendur Quintin Hoare og Geoffrey Nowell Smith. New York: International Publishers, 1971.
- Hall, Stuart. The Local and the Global: Globalization and Ethnicity (173-187). Í *Dangerous Liaisons: Gender, Nation, and Postcolonial Perspectives*. Ritstjórar Anne McClintock, Aamir Mufti og Ella Shohat. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1997.

Linda María Ásgeirsdóttir. *Menningarmiðstöðin í Listagili: Yfirsýn yfir viðburði og gestafjölda 2008*. Akureyri: Menningarmiðstöðin í Listagili, 2008.

Mannheim, Karl. *Ideology and Utopia: An Introduction to the Sociology of Knowledge*. Þýðendur Louis Wirth og Edward Shils. London: Kegan Paul, Trench, Trubner & co, 1940.

Noyes, Dorothy. Group (7-41). Í *Eight Words for the Study of Expressive Culture*. Ritstjóri Burt Feintuch. Urbana og Chicago: University of Illinois Press, 2003.

Vikudagur. 2002. 29. ágúst. 33. tbl. 6.árg. Forsíða.

— 2003. 28. ágúst. 32. tbl. 7.árg. Forsíða.

— 2008. 4. september. 34. tbl. 12.árg. Bls. 8.

(Auk blaðanna sem ekki er vitnað beint í, en sýndu breytingar á umfjöllun og eðli hennar um dagskrá og stemmningu á Akureyrarvöku á árunum 2001-2008):

— 2003. 4. september. 33. tbl. 7.árg. Bls. 7.

— 2004. 26. ágúst. 33. tbl. 8.árg. Forsíðan.

— 2004. 2. september. 34. tbl. 8.árg. Bls. 6.

— 2006. 31. ágúst. 33. tbl. 10. árg. Bls. 8

— 2005. 1. september. 34. tbl. 9.árg. Bls. 6.

— 2006. 24. ágúst. 32. tbl. 10.árg. Bls. 3 og 11.

— 2007. 23. ágúst. 32. tbl. 11.árg. Forsíða, bls. 4 og 10.

Žižek, Slavoj. *For They Know Not What They Do: Enjoyment as a Political Factor*. (2. útgáfa). London og New York: Verso, 2008.

Munnlegar heimildir

Valdís Viðarsdóttir. Munnleg heimild, 2. október 2008 (í vörslu höfundar).

Viðtal 1 (5. Október 2009). Viðtal höfundar við Önnu Lóu Kjerúlf Svansdóttur (í vörslu höfundar).

Viðtal 2ab (29. september 2009). Viðtal höfundar við Anton Sigurður Sigríðarson (í vörslu höfundar).

Viðtal 3 (2. desember 2009). Símaviðtal höfundar við Ármann Óskar Jónsson (í vörslu höfundar).

Viðtal 4 (30. september 2009). Viðtal höfundar við Gunnar Má Gunnarsson (í vörslu höfundar).

Viðtal 5 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Huldu Sif Hermannsdóttur (í vörslu höfundar).

Viðtal 6ab (24. september 2009). Viðtal höfundar við Ingimar Björn Davíðsson (í vörslu höfundar).

Viðtal 7 (2. desember 2009). Síðaviðtal höfundar við Jóhönnu Sigurlaugu Daðadóttur (í vörslu höfundar).

Viðtal 8abc (5. október 2009). Viðtal höfundar við Jónu Hlíf Halldórsdóttur (í vörslu höfundar)

Viðtal 9 (6. október 2009). Viðtal höfundar við Lindu Maríu Ásgeirsdóttur (í vörslu höfundar).

Viðtal 10 (7. október 2009). Viðtal höfundar við Loga Einarsson (í vörslu höfundar)

Netheimildir

Dagskrá Akureyrarvöku 2009. Á <http://www.akureyri.net/akureyrarvaka2009/>. Síðast skoðað 17. nóvember 2009.

Jóhann Þorsteinsson. *Akureyrarvaka í stað "Einnar með öllu."* skrifað 26. ágúst 2007. Á <http://hjaltdal.blog.is/blog/hjaltdal/entry/295734/>. Síðast skoðað 22. Júlí 2009.

Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar: Skapandi bær – stefna bæjaryfirvalda á Akureyri í menningarmálum til ársins 2008. Á <http://www.akureyri.is/stjornkerfid/reglur-samthykkir/menningarmal/nr/160>. Síðast skoðað 6. október 2009.

Ragga86. *Halló Akureyri*, skrifað 18. mars 2003. Á <http://www.hugi.is/djammid/articles.php?page=view&contentId=975779>. Síðast skoðað 5. desember 2009.

Aðrar heimildir

Akureyrarvaka 2004. Veggspjald, fengið í Menningarmiðstöð Akureyrar, Ketilhúsinu í Grófargili, Akureyri: 4. október 2009.

Dagskrá Akureyrarvöku 2005. Útprint fengið í Menningarmiðstöð Akureyrar, Ketilhúsinu í Grófargili, Akureyri: 4. október 2009.

Dagskrá Akureyrarvöku 2007. Útprint fengið í Menningarmiðstöð Akureyrar, Ketilhúsinu í Grófargili, Akureyri: 4. október 2009.

Intelligentsía. Glæra frá Kristínu Einarsdóttur í námskeiðinu Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi: ÞJÓ313G, sem kennt var í Háskóla Íslands haustið 2008.

Menningarnótt á Akureyri: Afmæli Akureyrarbæjar – Uppskeruhátíð Listasumars. Veggspjald með dagskrá hátíðarinnar 2002, fengið í Menningarmiðstöð Akureyrar, Ketilhúsinu í Grófargili, Akureyri: 4. október 2009.

